



**ÞJÓÐHÁÍÐ**  
FRÍTT  
EINTAK

**DALURINN, BRENNNA, BREKKUSÖNGUR, LUNDI, VINÁTTA, PEYJAR, PÆJUR OG ALLT ANNAD**





ÞJÓÐHÁTIÐ

STUÐMENN

SKÁLMÖLD | GUS GUS | SÁLIN

RETRO | ÁSGEIR

STEFSON | TRAUSTI

PÁLL ÓSKAR | BUBBI | Á MÓTTI SÓL

BUFF | HELGI BJÖRNS | EYPÓR INGI

JÓNAS SIGURDSSON | INGÓ OG VEDURGUDIARNIR

XXX RÖTTWEILER | BJARTMAR 2013

DALURINN BÍÐUR



#dalurinn

Miðasala á [dalurinn.is](http://dalurinn.is)

VERT 2013



# fyrst&fremst

EF ÞAÐ ER EKKI ÆFINGASETT,  
ÞÁ ER ÞAÐ DJ-SETT



## DJ MUSCLEBOY

Fyrstu sex í kennitölu: 130580.

Heitasta lagið þessa stundina:

Akkúrat í augnablikinu er það Reload með Sebastian Ingresso.

Besta stuðlag allra tíma:

Erfiðasta spurning sem ég hef fengið á ævinni. Það er líklega annaðhvort Þor Que No eða María með meistara Bæxter.

Besta þjóðhátíðarlagið: Þar sem hjartað slær með LoverBoy og Fjallabræðrum.

Árni Johnsen eða Ingó

Weathergod? Heimsótti Árna Johnsen þegar ég tók upp Mannasiða-seríuna. Hann var höfðingi heim að sækja. En ég vel The Weatherman því það er toppmaður.

Sölvi Blöndal eða Auðunn

Blöndal? Ef þú ert að tala um sem mann, til að vera með í sambandi, þá Sölva Blöndal því hann er með þykkt ljóst hár. En ef þú ert að tala um sem félagi til að taka einn Corona með í the sunshine, þá vel ég Blondel.

# Í bleyju á sinni fyrstu Þjóðhátíð

Egill Einarsson hefur byrjað vel í plötusnúðaheiminum og eftir tvö sannfærandi gigg á fasta landinu er komið að á Húkkaraballinu

„Sunnudagurinn hefur hingað til verið hápunkturinn en það er mjög líklegt eftir Þjóðhátíð 2013 að fimmtudagurinn stimpli sig inn sem besti dagurinn á hátíðinni,“ segir Egill Einarsson, sem í plötusnúðaheiminum er þekktur sem DJ MuscleBoy, en hann fær það stóra verkefni að halda uppi stuðinu á Húkkaraballinu í Eyjum í ár. Egill hefur sjálfur farið 4 sinnum á Húkkaraballið og segir nýtt fyrirkomulag henta mjög vel. „Ég hef alltaf hugsað með mér: „Er ekki hægt að gera þetta betra? Hvað eru allir að gera úti og ballið tóm inni?“ Það er komin fullkomin laus á því núna, ballið verður úti og MuscleBoy mun „spin that shit,“ segir Egill.

Hann segist þakklátur fyrir þetta tækifæri. „Mig langaði að sýna þjóðhátíðarnefnd þakklæti mitt fyrir að fá að spila á þessu virta balli svo ég henti í remix fyrir ballið,“ segir Egill en lagið sem varð fyrir valinu er lagið Án þín sem vinur Egils, Sverrick Bergmann, flutti á Þjóðhátíð árið 2000. „Allir

alvöru DJ-ar henda í remix og það er ekki hægt að fá betri tímasetningu en þetta. Núna 13 árum síðar fær þetta lag að njóta sín aftur á hátíðinni,“ segir Egill sem segir einfalda ástæðu fyrir því að Án þín hafi orðið fyrir valinu. „Sverrick Bergmann er ásamt Páli Rósinkrans besti söngvari Íslands. Án þín er rosalegt lag. Sverrick tekur 130 í bekk. Blö-Vélin samdi textann í laginu. Þessar hráu staðreyndir urðu til þess að Án þín varð fyrir valinu,“ segir Egill og bætir við að þetta sé ekki síður frábært fyrir tónlistarferil Sverrick.

## Níræður í hlýraból sumarið 2070

Það skiptir miklu máli fyrir plötusnúð sem kennir sig við vöðva að halda sér í góðu standi og því getur Egill hvorki slakað á í mataræðinu né í æfingum. „Ég var óvenju þægilegur við þjóðhátíðarnefndina og lét þá ekki fá nema fjórar blaðsíður yfir hluti sem þurfa að vera klárir þegar ég mæti þarna. Eitt atriði á listanum er að ég fái lykil að líkamsræktarstöðinni

Hressó svo ég geti farið þangað hvenær sem er á sólarhringnum og náð mér í pump,“ segir Egill sem segir lundann líka góða næringu. „Lundinn er mjög próteinríkur og fitulítill. Maður fær 23-24 grömm af próteinum úr 100 grömmum þannig þetta er frábært fyrir „bodybuildera“ eins og mig. Enda er ég duglegur að ráfa inn í hvítu tjöldin í Dalnum og fá lunda hjá fólki. Það er ekkert betra. Ætli ég tæti ekki í mig svona 10-12 kíló af lunda þessa daga sem ég er þarna,“ segir Egill léttur.

Egill segist mikill aðdáandi Þjóðhátíðarinnar, hann hefur farið hátt í 20 sinnum og segir stemninguna sem myndast í Vestmannaeyjum vera einstaka. „Ég var í bleyju þegar ég fór á mína fyrstu þjóðhátíð. Ætli ég verði ekki líka í bleyju þegar ég fer á mína síðustu Þjóðhátíð. Elska þessa hátíð og mun líklega vera þarna níræður í hlýrabólsum sumarið 2070,“ segir Egill að lokum.

- BLAÐIÐ Í TÖLUM**
- 31** ár eru liðin síðan Með allt á hreinu var tekin upp, m.a. á Þjóðhátíð í Eyjum
  - 10** týpur sem þú hittir á Þjóðhátíð eru útlistaðar á bls. 26
  - 138** sinnum hefur Þjóðhátíð verið haldin
  - 57** sinnum hefur Guðný Hrefna komið á Þjóðhátíð í Eyjum

**MONITOR@MONITOR.IS** Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Umsjón: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmur Gunnarsson (hilmur@monitor.is) Blabamenn: Lís Hafíðadóttir (lisa@monitor.is) Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) Umbrot: Monitorstaðir Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) Forsíða: Árni Sæberg (saeberg@mbl.is) Myndvinnsla: Andrea Kristjánsdóttir Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569 1136

## ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

# Vinátta um versló

Þjóðhátíð er nú haldin í Vestmannaeyjum í 139. skipti og má reikna með því að mörg þúsund manns safnist fyrir í Herjólfsdal til að skemmta sér um verslunarmannahelgina. Hátíðin í Eyjum er þekkt fyrir ótrúlega stemningu þar sem gestrisnir heimamenn taka vel á móti gestum af fastalandinu. Stemning þessi nær svo alla jafna hámarki þegar brennan logar á föstudegi, flugeldarnir lýsa upp himininn á laugardeginum og fólk syngur saman í brekkunni á sunnudagskvöldinu.

Á fimmtudeginum er hið ásvokallaða Húkkaraball ídulega haldið en nú verður sá háttur hafður á í fyrsta sinn að halda ballið utandyra og mun einkabjálfarinn, fjölmiðlamaðurinn og nú plötusnúðurinn Egill Einarsson halda uppi stuðinu. Stór breyting verður líka á Brekkusöngnum því

sjálfur Árni Johnsen mun ekki lengur stýra fjöldasöng eins og honum einum er lagið heldur mun sjálfur Ingó Védurguð munda gítarinn við varðeldinn.



Hér er vinátta, ást og gleði  
Stemningin í Dalnum er svo blíð  
Forréttindi að vera með í  
veisluhöldunum á Þjóðhátíð

Yfir og út,  
John Johnson



# MONITOR

## MÆLIR MEÐ...

### FYRIR ÞÁ SEM VILJA RÚLLA UM

Er til betri leið til að kanna ókunnugar slóðir og/eða fallett bæjarstæði en rúllandi um á Segway?

Segway-hjólaleigan SegvEyjar hefur verið starfrækt úti í Vestmannaeyjum síðan í maí 2010. Dreptu tímenn að degi til á Þjóðhátíð með því að skella þér á Segway.



### FYRIR SKYNSAMA

Það er grautfúlt að tyna síma, veski eða einhverju þaðan af verra í Herjólfsdal.

Þeir sem vilja vera skynsamir þegar kemur að því að skella sér í Dalinn geta nýtt sér þjónustu

Munavörslunnar þar sem hægt er að geyma verðmæti sín á öruggum stað. Munavarslan er til húsa í Herjólfsbæ, á hægri hönd þegar komið er inn í dalinn, í grennd við vitann.



### FYRIR ALLA MUNI

Taktu þetta blað með þér til Eyja.

Aftast í blaðinu er að finna notaðrjúgt kort af Heimaey auk dagskrárinnar eins og hún leggur sig.



## VIKAN Á FACEBOOK



**Heimir Hannesson**  
Las í gær þjóðhátíðarstatusa og hugsaði "I'm to old for

this shit" ...  
Heyrði Lífíð er yndislegt í útvarpinu í morgun og titra nú af spenningi ...  
Ég er lítill gelgja ...

31. júlí kl. 10:07



**Liam Killa**  
Breaking my Vestmannaeyjar virginity...Þjóðhátíð 2013!!

31. júlí kl. 13:55



**Þorsteinn Haukur Harðarson**  
Ef isfirðingar og Akureyringar myndu slá saman í hátíð um verslunarmannahelgina.. myndi hún þá heita "ein með drullu?"

31. júlí kl. 14:36



**Jón Árni Jónsson**  
Sexy þjóðhátíð í vændum — feeling sexy.

31. júlí kl. 14:02



**Yngvi Eysteinnsson**  
Skelltu í eitt like ef þú ætlar á Þjóðhátíð í ár...

30. júlí kl. 16:56



www.facebook.com/monitorbladid



# Ætti að taka eitt lag fyrir David James

**Ásgeir Trausti** er ekki klár á því hvort hann hafi farið á Þjóðhátíð eða ekki. Hann kemur fram ásamt hljómsveit í Herjólfssdal á laugardagskvöld.

## ÁSGEIR TRAUSTI

Fyrstu sex: 010792

Lag í upphaldi þessa

stundina: Atoms For Peace með Thom Yorke.

Fyrsta sem þú hugsar um þegar Vestmannaeyjar eru nefndar á nafn: Þjóðhátíð.

Fjöldi skipta á Þjóðhátíð: Ég er ekki alveg klár á því hvort ég hafi farið á Þjóðhátíð. Ég man eftir að hafa farið til Eyja þegar ég var lítill og það var eitthvað voða mikið í gangi, en það gæti jafnvel hafa verið Goslokahátíð.

Spennigur fyrir Þjóðhátíð á skalanum 1-10: Ég myndi segja að stemningin fyrir að spila sé 8. Það verður að vera smá-pláss fyrir aukningu.

**Fyrir einu og hálfu ári hafðir þú enn ekki gefið út þitt fyrsta lag. Sást þú þá fyrir þér að þú myndir verða á meðal stærstu númeranna í Herjólfssdal á Þjóðhátíð 2013?**

Nei, veistu mér datt það ekki í hug, alls ekki. Það hefur hins vegar ansi margt ófyrirséð gerst hjá mér á síðastliðnu ári.

**En þegar þú varst að byrja að gutla í tónlist, bast þú þá vonir við að þú ættir kannski einhvern tímann eftir að troða þar upp?**

Já, það má kannski segja það frekar, en það var aðallega vegna þess að Steini bróðir hafði spilað tvisvar þar með Hjálmmum. Vegna hans reynslu af hátíðinni fannst mér það heillandi þæling. Þetta er svo ótrúlega flott staðsetning, maður hefur séð á myndum hvað Herjólfssdalur er fallegur og svona.

**Við hverju má Þjóðhátíð búast af upptroðslu þinni?**

Ég er búinn að vera að syngja á ensku á Evróputúr að undanförmu en ég mun syngja á íslensku í Dalnum. Það er svona prinsipp hjá mér að ég syng ekki lögin á ensku heima. Við verðum síðan fimm uppi á sviði og spilum mestalla plötuna mína og bara reynum að hafa gaman af þessu.

**Þú ert þú kannski orðinn alvanur að koma fram fyrir framan 15 þúsund manns, nýkominn úr Evróputúr með Of Monsters and Men?**

Nei, ég hef nú bara aldrei spilað fyrir svo stóran fjölda. Á túrnum spilaði ég mest fyrir svona 4.000 manns þannig að þetta verður örugglega mjög sérstakt.

**Hvernig var tónleikaferðalagið?**

Það var bara frábært að fá að taka þátt í þessu með þeim. Á þessum tús áttaði maður sig miklu betur á því hvað þetta dæmi allt saman er orðið stórt hjá krökkunum í Of Monsters and Men.

**Var eitthvað sem stóð upp úr?**

Ég verð að nefna Pohoda Festival í Slóvakíu. Hjálmar spiluðu þarna í fyrra og voru alltaf að tala um hvað þetta væri frábær hátíð, meira að segja sú besta sem þeir höfðu spilað á. Maður skildi svo sem ekki alveg hvernig stóð á því en svo um leið og maður mætti þangað þá fattaði maður hvað hátíðin er ótrúlega vel skipulögð og svo skemmdi ekki fyrir hvað veðrið var ótrúlega gott. Þarna voru líka stórar og flottar hljómsveitir að koma fram og mér leið bara mjög vel þarna.

**Eins og þú segir ert þú farinn að flytja lögin þín af Dýrd í dauðapögn með enskum textum.**

Já, eða reyndar tókum við þetta alveg í bland á ensku og íslensku. Stundum tókum við nokkur lög á ensku og nokkur á íslensku.

**Er það ekkert ruglandi? Lendirðu ekkert í því að syngja fyrsta vers á ensku og svo allt í einu annað vers á íslensku?**

Það hefur allavega ekki gerst hingað til (hlær).

**En hvernig kanntu við að syngja lögin á ensku?**

Ég kann bara vel við það. Þetta hefur bara verið að venjast betur og betur síðan við fórum að taka upp lögin á ensku. Það var auðvitað skrítið fyrst en svo verður þetta fljótt eðlislegt.

**Framundan er síðan plötuútgáfa á erlendri grundu. Gerir þú ráð fyrir að vera mikið úti næsta vetur?**

Já, það er búið að bóka alveg slatta af giggum. Ég ætla samt bara að fylgja plötunni eftir úti og sjá hvaða viðbrögð hún fær. Ef þetta virkar ekki, þá virkar það bara ekki – en ef það virkar ekki, þá munum við líklega halda áfram að spila enn meira úti.

**En það er ekki þannig að þú sért bara búinn að kaupa þér flugmiða aðra leiðina og ætlir að flytjast út í heim?**

Nei, alls ekki. Ég var einmitt að kaupa mér íbúð í bænum heima og er á fallu í því.

**Þú hefur eignast mikinn aðdáanda í David James, markverði ÍBV, ef marka má forsíðuviðtal hans við Monitor sem og Twitter.**

Já, þetta er mjög fyndið. Það er töluvert síðan einhver benti mér fyrst á þetta og síðan þá hefur þetta bara haldið áfram. Ég hef reyndar aldrei verið einhver mikill fótboltagúrú en ég þekkti alveg nafnið, hann er alveg alvörugaur.

**Gerir þú ráð fyrir að kasta kveðju á hann þegar þú gerir þér ferð til Eyja?**

Já, klárlega. Ég ætti að kíkja á hann og taka eitt lag fyrir hann.



# Nýtt frá Hawaiiana Tropic

- **Silk Hydration** sólarvörn
- rakakrem og sólarvörn
- létt og silkimjúkt
- kókosilmur



**HAWAIIAN**  
**Tropic**<sup>™</sup>  
EST. 1969



# Eins og að taka við af Alex Ferguson

Veðurguðinn Ingólfur Þórarinnsson er spenntur fyrir því að taka við af Árna Johnsen og stjórna Brekkusöngnum í fyrsta sinn í ár

## Hvernig leggst það í þig að stjórna Brekkusöngnum í fyrsta sinn?

Ég hlakka til að stjórna Brekkusöngnum. Ég hugsa að það séu fáir sem hafa spilað jafnlangi samfleytt á kassagítar á síðustu 10 árum og ég þannig að ég held það sé óþarfi að stressa sig mikið upp. Ég ætla að reyna að hafa jafngaman af og þeir sem eru í brekkunni.

## Er þetta gamall draumur að rætast?

Þetta er kannski búið að vera í umræðunni í 2 ár en ég get ekki sagt að þetta sé beinlínis draumur. Minn ferill sem skemmtikraftur hefur kannski meira þróast smám saman út í þetta. Ég hef reyndar spilað á kassagítar í dalnum áður, en kannski í minni tjöldum þar sem það er alltaf grýtt í mann gítar ef maður ætlar að kíkja í nokkrar flatkökur.

## Þú stjórnadur hálfgerðum Brekkusöng á Þjóðhátíð í fyrra. Var það ekki fin upphitun fyrir árið í ár?

Það var ágætis upphitun en ég leyfi mér að vona að þetta í ár verði margfalt skemmtilegra enda verður komið fallega mikið myrkur og þá verður hægt að kalla fram þennan Þjóðhátíðaranda.

## Ertu búinn að heyra eitthvað í Árna Johnsen? Er hann nokkuð fúll út í þig?

Árni er vonandi ekki fúll út í mig. Hef ekkert heyrt í honum en hann vonandi kemur og tekur eitt lag. Þetta er svolítið eins og ég sé að taka við af Alex Fergusson.

## Árni er þekktur fyrir að spila bara þrjá hljóma. Kemur þú til með að bæta þeim fjórða við?

Ég hugsa að þetta verði svona 6 hljómar. Ekki of flókið, held að Árni hafi verið með það á hreinu að svona 14700 manns af 15000 í brekkunni er slétt sama hvaða hljómar eru í gangi ef fólk er að skemmta sér og getur sungið með.

## Hvað elskar þú mest við Þjóðhátíð?

Ég elska jákvæðina við Þjóðhátíð, það er sama hvað þú ert mikill fylpúki, þú ert alltaf hress þegar þú ert kominn í brekkuna eða hvíta tjaldið.

## Er eitthvert atvik eftirminnilegt?

Þetta rennur svolítið saman í eitt en ég gæti sagt margar góðar sögur af góðum vinum sem „lenda“ í allskonar ævintýrum á Þjóðhátíð en það er kannski það skemmtilegasta við þetta. Þetta býr til sögur sem maður rifjar upp þegar maður er fimmtugur á leiðinni með fellihýsið í Húsafell um verslunarmannahelgina.

## Ertu með góð ráð fyrir Þjóðhátíðarfarana í ár?

Ég er verst maðurinn til að gefa svona ráð. Gleymi öllu sjálfur og tek kannski með mér einn bakpoka með tannbursta. Vona bara að allir mæti jákvæðir og svo hvet ég alla til að syngja virkilega hátt í brekkunni og gera þetta eftirminnilegustu Þjóðhátíðina til þessa.

## SYNGDU MEÐ

Ingó er óútreiknanlegur þegar hann er einn með gítarinn en þó eru töluverðar líkur á að hann taki eftirfarandi lög. Vertu viss um að kunna þau svo þú getir sungið með af innlifun á sunnudagskvöldinu.

### Vegbúinn

Þorsmerkurljóð

Ég veit þú kemur

Ó María

Minning um mann

## INGÓ

Fyrstu sex: 310586.

Starf: Skemmtikraftur og Veðurguð.

Fjöldi Þjóðhátíða:

Ég ætla að giska á að ég hafi farið á 15 Þjóðhátíðir.





TAPPALEIKUR PEPSI & PEPSI MAX

# SAFNAÐU GULLINU

SAFNAÐU SEX GULLTÖPPUM AF PEPSI EÐA PEPSI MAX  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GLÆSILEGA VINNINGA



## 1 DRAUMA VERDLAUNIN

Samsung Smart TV  
frá Samsungsetrinu

Ofurþunnt 55"  
3-D sjónvarp  
frá Samsung



Tækinu fylgir 7" spjaldtölva sem nota má til að stjórna öllum þeim ótrúlegu margmiðlunar möguleikum sem draumataekið hefur uppá að bjóða.

5 2x miðar



5 50.000 kr.  
inneign



200 Kippur  
pepsi  
MAX

200 Bíomiðar  
SMÁRA  
BÍÓ

300 Skyndibita  
máltíðir



300 5.000 kr.  
inneign



GLÆSILEGIR **1000** VINNINGAR

Safnaðu sex töppum af Pepsi eða Pepsi Max og sendu til Ölgerðarinnar.  
Allar nánari upplýsingar um leikinn má finna á  
[facebook.com/PepsiMax.is](https://facebook.com/PepsiMax.is)



## APPAPRENNAN

## Viðrar vel til hátíðarhalda?

Fólk þreytist aldrei á að tala um veðrið, hvað þá um ferðahelgi eins og verslunarmannahelgi. Ef þú vilt vera með svörin varðandi veðurspána á hreinu getur verið sterkur leikur að vera með app Veðurstofu Íslands, sem kallast einfaldlega **Veður**, í símanum.

## Með „kveikjarann“ á lofti

Það hefur löngum verið til síðs að hefja kveikjara á loft þegar hjartnæm lög eru leikin á tónleikum og eru tónleikar í Herjólfsdal engin undantekning þar á. Á 21. öldinni er þó algengara að fólk sé með snjallsíma á sér heldur en kveikjara og er því tilvalið að sækja appið **Virtual Lighter**, sem er einfaldlega eftirmynd af kveikjara.

## Notaðu réttu merkin

Líklega má gefa sér að snjallsímaeigendur hyggist skella nokkrum myndum á Instagram á meðan á Þjóðhátíð stendur. Ekki gleyma að merkja myndirnar rétt, það er að segja með merkjunum **#dalurinn** og **#monitormynd**.

## ÍSL-ENSKUR TEXTI



## Björn Jörundur - Iður

Hér er lífið, hér ert þú. Hér framtíð okkar sú að njóta náttúrunnar nú.

Eyjan er að öskra á mig jörðin opnast ég er hættur að sjá þig það er eldgos á Heimaey. Kraftarnir sem lágu í leyni spúa eldi og brennisteini landið það mun lifa eftir að ég dey.

Here is life, here you are. Here our future that enjoy nature now.

The island is screaming at me The earth opens up, I stopped to see you It is a volcanic eruption on Heimaey. The forces that were in secret vomited fire and brimstone country, it will live after I die.

Takk, Google Translate!

## EINTÓM ÞVÆLA



Hér sést Helgi handleggur (lengst t.v. á mynd) sem sendi lengsta upprétta þumal sem sést hefur héraendis.

## Þjóðhátíðar-sveindómurinn

Það er þjóðsaga sem segir að einu sinni á ári fari allir Íslendingar til Vestmannaeyja og dansi saman yfir heila helgi. Þá er sagt að það skipti engu máli hver þú ert, í hvað þú ert klæddur eða hvað í ósköpunum sem þú ert að gera af þér. Sagan segir að yfir þessa helgi séu öll dýrin í skóginum vinir og að þessi upplifun og þetta djamm toppi allt annað, hvort sem það heitir útskriftarferð, „Full-moon“ partí í Asíu eða „Springbreak“ í Mexíkó. En fyrir mér eru þetta allt saman sögusagnir og ekkert af þessu eru staðfestar heimildir. En hvert sem ég leita þá heyrir ég alltaf þessa sömu sögu. Þess vegna ætla ég að missa sveindóminn minn í Herjólfsdal næstu helgi, Þjóðhátíðarsveindóminn allavega.

Brekkusöngur, brenna, flugeldasýning og DJ Muscleboy, hvað er lífið yndislegt? Ég spyr einn af mínum bestu sem er „Þjóðhátíðarlegend“ til margra ára hvers ber að hlakka mest til fyrir þessa helgi. Fyrir utan að fá ræðuna beint í andlituð um hvað ég er mikill rasshaus að hafa ekki farið áður, þá endar hann á því að segja mér að nú sé kominn tími til að ég undirbúi mig undir bestu helgi lífs míns. Það eru ekkert litlar væntingar sem er verið að gefa herna! En þetta heyrir maður hvert sem maður fer, og það er engin furða þegar helmingur þjóðarinnar sameinast á eina eyju til að djamma og njóta tónlistarveislunnar sem Þjóðhátíð er.

Uppáhaldið mitt er samt mest af öllu pervertarnir sem eru með símanúmerið sitt merkt á bakinu og halda að með því sé ómöglegt að þeir verði ekki „lucky“ það kvöld. Þeir eru snilld og ég hlakka svo mikið til að sjá þá. Ég er jafnvel að spá í að vera þessi pervert sjálfur. Hvað er það fundið? Ég held líka að Þjóðhátíð verði bara skemmtilegri eftir því sem maður fer meira „all-in“. Íslensk útilega er eitt það besta sem ég veit og Þjóðhátíð er besta íslenska útilegan.

Þegar þetta er skrifað er tæp vika í að ég fari til Eyja en ég er orðinn svo spennur að ég ætla beint upp í bílskúr og pakka svefnpoka og tjaldi. Ég hef farið tvisvar á Gosloka-hátíðina í Eyjum og aldrei skemmt mér betur svo guð má vita hvar ég enda næstu helgi. Ég hlakka mest til þess að syngja um eldgos, græna kápuna og ástina í Herjólfsdal með Birni Jörundi og öllum hinum.

Sjáumst á Þjóðhátíð!

Egill Fannar Halldórsson



VIKTOR OG BRYNJAR ERU ALLTAF SLAKIR Á KANTI

## FRASAKÓNGARNIR

## Að gáma í sig

Eins og flestir vita þá enda mjög ölvaðir Þjóðhátíðargestir í dauðagámnum. Þeir einstaklingar sem fara óvarlega í áfengisdrykkjuna og stefna rakleiðis í gáminn eru því sagðir vera að gáma í sig.

Dæmi: „Ólöf, hvar er Steinar Þorri?“  
- „Hann er í ruglinu og er að gáma í sig einhvers staðar í brekkunni.“

Í hverri viku munu frasakóngarnir Brynjar Ásgeir og Viktor Örn kenna okkur nýjustu frasana og orðin svo við getum verið fersk í umræðunni hverju sinni.

## í belg &amp; biðu



10

skref í átt að góðri skemmtun á Þjóðhátíð í Eyjum

1 Húkkaraballið. Kíktu á Húkkarann á fimmtudagskvöldinu ef þú ert á lausu og sjáðu hvort það bitu ekki á.

2 Mættu tímanlega í dalinn. Ekki missa af öllum þeim frábæru listamönnum sem troða munu upp af því að þú gleymdir þér í tjaldinu. Fyrsta kvöldið þarf líka að næla sér í armband í skiptum fyrir miðann en það gæti tekið tíma ef röðin er löng.

3 Hvítu tjöldin. Kíktu í hvítu tjöldin til heimafélksins og upplifðu hina einu sönnu Þjóðhátíðarstemningu. Ef þú ert heppin/hittir þú á frábært gítarpári, en þá er líka skilyrði að syngja með.

4 Smakkaðu lunda. Allir verða að smakka lunda, hvort sem það er í veitingatjaldinu eða í hvítu tjöldunum. Ljúffengur er hann og svo meyr.

5 Hápunktarnir. Ekki missa af Brekkusöngnum, brennunni á Fjósakletti og flugeldasýningunni og bleiku stemningunni sem því fylgir. Þú sérir eftir því.

6 Slepptu þér. Taktu undir í brekkusöngnum og syngdu svo með af öllum sálarkröftum þegar dansinn dunar á kvöldin.

7 Lærðu textann við lóður. Flutningurinn á Eyjaglaginu í ár, lóður með Birni Jörundi, verður margfalt skemmtilegri ef þú kannst textann og getur sungið með af lífs- og sálarkröftum.

8 Vínagastu við ókunnuga. Það finnst ekki betri staður til að bæta við í vinasafnið því í Herjólfsdalnum eru allir vinir.

9 Gakktu á Heimaklett. Þó aðeins í allsgáðu ástandi. Fjallið er það hæsta í Eyjum eða 283 metrar á hæð. Hresstu þig við yfir daginn með því að koma blóðinu á hreyfingu og anda djúpt að þér fersku súrefninu.

10 Kossinn. Vertu opin/n fyrir rómantikinni sem ríkir og stefndu á heitan koss, hvort sem það er við ástina þína eða ókunnugan elskhuga. Ekkert slær við kossi á meðan blysin loga á lokakvöldi Þjóðhátíðar.


## VÍSINDAVEFURINN

Af hverju kom Heimaeyjargosið svona flatt upp á alla? Gerði það engin boð á undan sér?

Gosið í Heimaey byrjaði í janúar árið 1973. Þá höfðu menn ekki eins mikla þekkingu á eldgosum hér á landi og við höfum nú, og heldur ekki eins góð tæki til að fylgjast með hvers konar hreyfingum jarðskorpunnar. Eftir á gátu menn hins vegar séð að gosið hafði í rauninni gert boð á undan sér um 30 klukkustundum fyrr, en tækin sem þá voru fyrir hendi dugðu ekki til að staðsetja upptök merkjanna ótvírætt. Meðan þeir kólna niður.







Verum öll vinir...

### ...en fáðu þér síma sem skilur þig!

Samsung Galaxy S4 hefur þann skemmtilega eiginleika að skilja okkar ástkæra ylhýra. Þannig má stjórna ýmsum aðgerðum og einnig er hægt að skrifa tölvupósta og SMS með því að tala við símann á íslensku. Fáðu þér síma sem skilur þig.

Kynntu þér málið á [GalaxyS4.is](http://GalaxyS4.is)



Samsung  
**GALAXY S4**



**Retro Stefson hefur verið starfandi í fleiri ár og er þekkt sem ein af helstu stuðsveitum lýðveldisins, hvernig stendur á því að þið hafið aldrei spilað á Þjóðhátíð áður?**

Við höfum verið í annarri klíku, held ég, ég á alveg vini sem hafa farið en flest erum við með lattebletti á treflunum að tjilla niðri bæ. Ég hef síðan verið í útlöndum undanfarið ár en við höfum samt spilað á Mýraboltanum og Innþúk-anum.

**Eruð þið ekki spennt fyrir að spila loksins á Þjóðhátíð?**

Jú, þetta er auðvitað með því stærsta sem gerist hér á landi. Við fórum um daginn til Eyja, þá var ég að fara í fyrsta sinn, og við spiluðum á árshátíð menntaskólans en það verður gaman að fara aftur og spila við þetta tiltekna tækifæri.

**Hverjar eru væntingar þínar til Þjóðhátíðar í Eyjum?**

Ég er ekki búinn að gera mér neinar rosalegar væntingar en býst svo sem við því besta. Svo er ég búin að heyra svo góða hluti um þessi tjöld sem maður getur kikt í og borðað lunda. Ég er eiginlega spenntastur fyrir þeim. Við Þórður gítarleikari höfum þekkt mjög lengi og verið í allskonar stússi þar sem maður er að ferðast í hópum. Við erum orðnir miklir áhugamenn um hlaðborð og að borða mikið svo við lítum á þetta sem rannsóknarferð til Eyja.

**Verslunarmannahelgi Retro Stefson hefst með Dj-setti á föstudaginn, byrjið þið á heimavelli?**

Já, það má segja það. En svo er maður samt orðinn svo leiður á hipsterunum og fatar kannski að maður er hipster sjálfur. Fyrstu ár hljómsveitarinnar vorum við bara að spila fyrir fólkið í miðbænum sem er örugglega allt hætt að nenna að hlusta á okkur. Svo urðum við vinsælli annars staðar og það var líka gaman, að fara á Írská daga eða annað út á land að spila. Þannig kynnist maður einhverju öðru í staðinn fyrir að festa sig í borginni.

**Þið verðið á miklu flakki um helgina, þið þeytið skífum í bænum, spilið í Herjólfsdal á laugardag og á Mýraboltanum á sunnudag. Hver er helsti munurinn á þessum þremur viðburðum?**

Við erum að spila á undan flugelda-sýningunni í Eyjum og þar verður örugglega mikið af fjölskyldufólki. Á Mýraboltanum verður hinsvegar ball. Í Eyjum verður reyndar líka gott ball en þar ertu kannski allt í einu farinn að dansa við ömmu einhvers og það er mjög skemmtilegt. Dj-settin eru hinsvegar eins og að vera á klúbb nema allir eru bestu vinir þínir og það er rosalega opin og frjáls stemning.

**Þið fáið ekki mikið frí þetta sumarið eða hvað?**

Þetta verður sjötta útihátíðarhelgin okkar í röð. Þegar ég var 18 eða 19 ára byrjuðum við aðeins að spila úti og svo túraði ég með FM Belfast. Svo það er bara nákvæmlega sami pakkinn og maður er orðinn vanur þessu. Ég ætla í frí á Bjarnafirði á Ströndum eftir helgina. Ég fer þangað að svona fjórum til fimm sinnum á ári eftir svona miklar tarnir. En svo munum við spila á kveðjutónleikum á Faktory föstudaginn 9. ágúst.

**Hvar ætlið þið að spila þegar Faktory verður lokað?**

Ég veit það ekki alveg, ég heyrði einu sinni dæmi um íslenskt band sem fór út og spilaði á pítsustað. Ætli þetta verði ekki þannig ástand þar sem maður spilar bara hvar sem er. Annars er ekki mikið planað hjá okkur hérna heima þar til á Síðasta séns í lok árs. Kannski við förum bara að halda fleiri hljómsveitaræfingar í staðinn fyrir að spila svona mikið.

# Rannsóknarferð til Eyja

**Unnsteinn Manuel Stefánsson**

*söngvari hljómsveitarinnar*

**Retro Stefson er sérlegur**

*áhugamaður um hlaðborð*

*og vonast til að smakka*

*á lunda í hvítu tjöldunum*

*í Herjólfsdal*



## UNNSTEINN

Fyrstu sex: 020790

Uppáhalds Eyjalagið:

Lífið er yndislegt.

Ef ég ætti að velja

forsöngvara í

brekkusönginn yrði

það: Högni í Hjaltalín.

Uppáhalds útilegu-

fæða: Hamborgari með

kartöflusalati



LÉTTÖL

# TUBORG

LIQUID SOUNDTRACK

*Fjörirð hefst  
með Tuborg*





# Það má brjóta „tískureglurnar“ á Þjóðhátíð

Þjóðhátíðarsérfræðingurinn **Aníta Mjöll Ægisdóttir** gefur lesendum góð ráð varðandi hverju maður eigi að klæðast á Þjóðhátíð og skipta þar þægindin miklu máli.

## Hvað varð til þess að þú ákvaðst að skella þér á Þjóðhátíð?

Í þau tvö skipti sem ég hef farið hefur þetta verið ógleymanleg skemmtun svo eftir Þjóðhátíðina í fyrra fór ég bara að telja niður í næstu og nú er komið að þessu!

## Hefur þú farið á Þjóðhátíð áður?

Já, 2011 og 2012.

## Hverju ertu spenntust fyrir?

Þegar kveikt er á blysunum alveg klárlega! Það eru engin orð sem geta lýst þeirri tilfinningu að standa í brekkunni þegar öll blysin eru kveikt. Gjörnsamlega algjörlega geðveikt eru þrjú orð sem komast

kannski næst því að lýsa þeirri tilfinningu.

## Á að tjalda í dalnum eða gista í húsi?

Heyrðu, við vinkonurnar ákváðum að prófa Rent-a-tent og erum bara virkilega spenntar fyrir því.

## Hvernig líst þér á dagskrána í ár?

Dagskráin lítur bara mjög vel út en það hefði verið óskandi að fá Frikka Dór inn í line-upið. En ég get ekki beðið eftir að sjá Sálina og Stuðmenn.

## Hver er lykillinn bak við það að vera flott í tauinu í brekkunni en

## samt í viðeigandi útilegufötum?

Á Þjóðhátíð eru einhvern veginn allar „tísku-reglur“ brotnar, þar er allt í einu í góðu lagi að vera í skærgulumbuxum, blárrí peysu í bleikum gúmmítúttum, sem er það sem er líka svona skemmtilegt við Þjóðhátíð, þar eru bara allir eins og þeir vilja vera. Það geta allir verið flottir ef þeir hafa bara þægindin í fyrirrúmi. Ég myndi segja góðir skór, þægilegar buxur, hlý peysa og jakki, þá ætti þetta ekki að klinka.

## Hvað myndir þú segja að væri vinsælasta „útilegu trendið“ í tískunni þetta sumarið?

Útilegurnar hafa nú verið eitthvað fáar vegna veðursins sem hefur ekki verið hundi þjóðandi í sumar. En það hafa dottið inn ein til tvær útilegur og þá finnst mér flestallir vera að taka upp gömlu, góðu lopapeysuna, sem er alltaf flott og vel við hæfi í útilegunni.

## Ertu með eitthvert tiskuráð fyrir aðra Þjóðhátíðargesti?

Það er kannski ekki beint tiskuráð en bara að fara í því sem hverjum og einum líður vel í. Þetta er eitthvað sem þú ætlar að vera í úti alveg fram eftir kvöldi og langt fram á nótt svo það yrði ekkert sérstaklega skemmtilegt að vera í einhverju óþægilegu.

## Dagdress



## GÓÐIR SKÓR

Mikilvægt að vera í góðum skóm sem þér verður síður kalt í, þreytt í eða rennblaut í. Timberland eru því tilvaldir.



## GÓÐA SKAPIÐ

Mér fannst oft kjánalegt ef mamma sagði: Jæja elskan, svo er bara að muna eftir góða skapinu. En þannig er það, það verður allt svo miklu skemmtilegra ef allir eru brosandir og hlægjandi með það eina markmiði að skemmta sér konunglega á Þjóðhátíð!

## MYNDAVÉL

Það er svo gaman að geta fest öll þjóðhátíðarmóm-entín á filmu! Ég hef ekki þorað að taka iPhone-inn með í dalinn en myndavélin fylgir með í staðinn.



## POLLAGALLI

Pollagallinn getur verið mikilvægur ef veðurguðirnir taka upp á því að láta rigna á okkur! Þá er gott að vera búin að henda honum í töskuna og vipa sér svo í pollagallann yfir fötin.



## GÓÐUR BAKPOKI

Ég hef tekið gamla en mjög svo góða FH-bakpokann með mér í þau 2 skipti sem ég hef farið. Hann er ekkert sælgæti fyrir augað en hann er eins og Mary poppins-taska, það kemst allt í hann! Svo er hann líka svona vel merktur!

## Kvölddress



## ANÍTA MJÖLL

Fyrstu sex: 150894  
Sumarstarf: Hrafnista í Hafnarfirði  
Uppáhalds Þjóðhátíðarlagið: Lífið er yndislegt





# Logandi gott



Brjóttu upp daginn með Kit Kat





# Forðastu sérgerðar peysur

Stíllinn fékk **Leif Hreggviðsson** töffara og Þjóðhátíðarfara til þess að leggja línurnar fyrir aðra hátíðargesti hvað varðar flottan fatnað og annan staðalbúnað fyrir Þjóðhátíð í ár.

**Hvað varð til þess að þú ákvaðst að skella þér á Þjóðhátíð?**

Þegar maður hefur farið á Þjóðhátíð vill maður hvergi annarsstaðar vera um verslunarmannahelgina. Það toppar ekkert stemminguna í Eyjum.

**Hefur þú farið á Þjóðhátíð áður?**

Já, ég fór í fyrsta sinn í fyrra.

**Hverju ertu spenntastur fyrir?**

Að vakna ferskur á laugardagsmorgni og fatta að það eru tveir dagar eftir.

**Á að tjalda í dalnum eða gista í húsi?**

Það er aldrei vont veður í eyjum, bara misgott. Þess vegna er tjaldið að sjálfsgöðu eina vitið. Reyndar lætur maður Týs tjaldsvæðið duga í þetta skiptið.

**Hvernig líst þér á dagskrána í ár?**

Ég held að það séu allir sammála um að dagskráin verði ekkert mikið betri en hún er í ár. Ég hugsa að ég sé spenntastur fyrir Stuðmönnum, Sálinni og Palla.

**Hver er lykillinn bak við það að vera fluttur í tauinu í brekkunni en samt í viðeigandi útileguföt?**

Það er vonlaust að mæta í dalinn í einhverju nýju dressi og vera svo skítkalt. Vertu í einhverju hlýju og þá ertu í góðum málum.

**Hvað myndir þú segja að væri vinsælasta „útilegu trendið“ í tískunni þetta sumarið?**

Ég hugsa að vinsælasta trendið hafi verið góð regnkápa, svona í takt við veðrið.

**Ertu með eitthvað tískuráð fyrir aðra Þjóðhátíðargesti?**

Þótt það sé vissulega góð týpa að mæta í peysu með „Rimmarinn #69“ eða álíka áletrun er aðeins á færri örfárra að púlla það. Ég myndi því ráðleggja sem flestum að taka fram lopapeysuna og reyna að forðast sérgerðar peysur.

## Dagdress



### KÆLIBOX

Þótt sopinn sé alltaf góður er hann mikið mun betri kaldur.



### LOPAPEYSA

Staðalbúnaður nr. 1, 2 og 3 á Þjóðhátíð.



### HEIMAMAÐUR

Það er algjört must að taka rúnt með einum local um hvítu tjöldin.

### BRÚSI

Að hafa brúsa um hálsinn er sennilega besta ákvörðun sem þú tekur.



### LEIFUR

**Fyrstu sex:** 180693.  
**Sumarstarf:** Pantanamóttaka hjá Distica.  
**Uppáhalds Þjóðhátíðarlagið:** Þú veist hvað ég meina mæ.



### GÓÐUR TJALDSTÓLL

Líklega muntu hvergi eyða meiri tíma í Eyjum en í tjaldstólum.

Kvölddress






# LIVENATION

OG PHIL MCINTYRE ENTERTAINMENT

*byggnar  
með stolti*

## RUSSELL BRAND

### MESSIAH COMPLEX



#RUSSELLBRANDIS

## HARPA ELDBORG 9. DESEMBER

MIDASALA *midi.is*

**HANN LÝKUR 6 MÁNADAR  
FERÐ SINNI UM HEIMINN  
Á ÍSLANDI!**

**TRYGGDU ÞÉR MIDA  
SEM FYRST, SÍÐAST  
SELDIST UPP!**

LIVE NATION

Skapandi  
vöburðir



HARPA



## PABLO FRANCISCO

## 24. OKTÓBER

MIDASALA *midi.is*

## HARPA SILFURBERG



# EYJAPAKKIÐ

Ertu á síðasta snúning með að pakka? Kíktu yfir pakklista **Monitor** og athugaðu hvort þú sért ekki örugglega með allt sem þú þarft fyrir frábæra Þjóðhátíð.

## Fötin skapa manninn

### POLLAGALLINN

Þó það sé glampandi sól alla helgina er pollagallinn sannkölluð nauðsynjavara á Þjóðhátíð. Brekkurnar eru alltaf rennandi blautar hvort sem þar er rigningu, þvagi eða bjórsulli um að kenna og það er ekkert gaman að djamma með blautan rass. Svo er líka um að gera að nýta sér þessa einu helgi ársins þar sem pollabuxur eru töff.



### LOPAPEYSAN

Það er fátt þjóðlegra en íslenska ullin í allri sinni dýrd. Þú færð plús í kladdann fyrir heimaprjónaða lopapeysu en það er líka ekki of seint að troða sér fram fyrir túristana niðri í bæ og fjárfesta í einni flottri.

### ULLARSOKKAR OG GÖNGUSKÓR

Skóbúnaður fer svolítið eftir veðri en þig langar ekki að eyðileggja nýju Nike-skóna þína á brekkubrölti. Gönguskór duga bæði í dalinn og í bæjarferðir en ef það verður mikil væta gætu gúmmistígvélin verið góður kostur.



### SOKKAR OG NÆRBUXUR

Sumum finnst kannski allt í lagi að fara bara með eina brók og snúa henni svo við þegar ferðin [http://myntra.myntassets.com/images/style/properties/FCUK-Underwear-Grey-Striped-Boxers\\_b6c9afb393c5a4419a07b67f35f00868\\_images\\_1080\\_1440\\_mini.jpg](http://myntra.myntassets.com/images/style/properties/FCUK-Underwear-Grey-Striped-Boxers_b6c9afb393c5a4419a07b67f35f00868_images_1080_1440_mini.jpg) er hálfnuð en Monitor mælir með því að þú takir minnst tvö pör af sokkum og nærbuxum fyrir hvern dag sem þú hyggst eyða í Heimaey. Eins og spakmælið segir: Ef tám og bossa er ekki hlýtt, þá verður

frið frekar skítt.

### FÖÐURLANDIÐ

Þér gæti orðið svolítið kalt á pollagallanum einum saman og því er gott að vera í hlýjum undirfatnaði. Eins duga þægileg íþróttaföt eða gallabuxur en hafðu hugfast að undirklæðnaðurinn er líklega það sem þú munt sofna í þegar þú skríður máttvanna inn í tjald klukkan sjö um morgun.



### HANDKLÆÐI OG SUNDFÖT

Á Þjóðhátíð leyfist manni að vera skrefi sjúkaðri en vanalega en það er algjört lágmark að þvo sér um kroppinn við og við svo tjaldfélagarnir kafni ekki í svitastækjunni af þér. Eins getur verið gott að hafa með sér sundföt, stuttbuxur eða álíka útbúnað ef sólin skyldi heiðra Þjóðhátíðargesti með nærveru sinni. Monitor mælir með vatnsrennibrautinni í Eyjum en bendir þó ungmeyjum á að halda fast í bikiniin þar sem þau gætu tekið upp á því að fljúga af ef hraðinn er mikill.

„Ef tám og bossa er ekki hlýtt, þá verður frið frekar skítt.“

## Staðalbúnaður



### TJALD

Einhversstaðar verður þú að sofa ekki satt?

### SVEFNPOKI OG DÝNA

Ef þú finnur þér kúrfélaga í brekkunni verður þú að geta boðið upp á lágmarks þægindi eins og dýnu. Líklega er samt betra að viðkomandi komi með eigin svefnpoka svo ekki verði þröngt á þingi.



### KLÓSETTPAPPÍR

Pappírinn er fljótur að klárast á kömrunum svo þeir allra sniðugustu eru með eins og tvær rúllur í tjaldinu fyrir neyðartilfalli.

### MATUR

Smyrðu flatkökur með hangikjöti eins og sannur Íslendingur og skelltu í kanilsnúða svo þú þurfir ekki að nærast á sjoppumat alla ferðina. Einnig geturðu brúað bilið með því að betla fæði í hvítu tjöldunum.



### DRYKKJARVÖRUR

Þorsti í brekkunni er mannskemmandi.

### TEPPI

Fyrir brekkusönginn, fyrir sólbaðið, fyrir kúrið, til að fljúga á eða bara hvað sem þér dettur í hug.



### SMOKKAR

Íslendingar eiga Evrópumet í klamydíusmiti. Það passar enginn upp á að þú bætist ekki í hóp Evrópumeistaranna nema þú sjálf/ur.







FYRIR STERKAR OG HREINAR TENNUR



**TYGGÐU EXTRA**  
EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætuafnis í tyggigúmmii



# VERTU DJARFUR!




NÝJAR UMBÚÐIR,  
SAMA GÓÐA BRAGÐIÐ!





# Bull er gull



Andi kvikmyndarinnar **Með allt á hreinu** mun eflaust svífa yfir Herjólfsdal á föstudagskvöld þegar **Ragnhildur Gísladóttir** stígur þar á svið með **Stuðmönnum**. Söngkonan ræddi við **Monitor** um hápunkt Þjóðhátíðar í Eyjum, uppreisnarhuginn við stofnun **Grýlanna** og húnor Stuðmanna.



**S**öngrodd Ragnhildar Gísladóttur þekja allir landsmenn og tengja samstundis við mörg af sigildari dægurlögum seinni tíma hér á landi. Andlit Ragnhildar er landsmönnum reyndar álíka kunnugt, og hefur verið það um langt skeið, enda má sem dæmi nefna að hún fór með aðalhlutverk í einni ástsælustu íslensku kvikmynd allra tíma, Með allt á hreinu. Listakonan er nýtskrifuð með meist-ararófrófró frá Listaháskóla Íslands og sameinaðist félagum sínum í Stuðmönnum í haust til að fagna 30 ára afmæli fyrrmefndar kvikmyndar. Afmælissögundurinn heldur áfram um helgina þegar Ragga Gísla stígur á stökk ásamt Stuðmönnum á Þjóðhátíð í Eyjum.

Texti: Einar Lövdahl  
Myndir: Árni Sæberg

einar@monitor.is  
saeberg@mbl.is

**Stuðmenn troða upp á föstudagskvöldinu á Þjóðhátíð. Býst þú við því að það verði svakalegt stuð?**

Að vera þjóðhátíðargestur felur í sér fasta punkta eins og að fylgjast með brennunni á föstudegi, flugeldunum á laugardegi og brekkusöngnum á sunnudegi. Þessu kynntist ég löngu eftir að ég fór á mínar fyrstu Þjóðhátíðir, enda fær maður ekkert að kynnast alvörustemningunni sem er í dalnum þegar maður fer sem tónlistarmaður. Stemningin fer sem sagt stigmagnandi fram að þessum punktum á hverju kvöldi fyrir sig. Stuðmenn spila einhvers staðar í þessari dagskrá fyrir brennu og ég geri ráð fyrir að fólk verði komið í góðan gir og að það verði brennandi stuð.

**Þegar tilkynnt var um upptösku Stuðmanna kom fram að þetta yrði í fyrsta sinn síðan 1986 sem hljómsveitin kæmi fram á Þjóðhátíð með ykkur Agli Ólafssyni og Valgeiri Guðjónssyni í broddi fylkingar. Verður þetta söguleg stund?**

Það er alltaf dálítið skrýttinn sjarmi sem fylgir þessum hópi, allavega innanborðs. Þetta eru allt skemmtilegir egóistar en þeir hafa allir mikið til síns máls. Þetta eru gáfumenni með sérstakan húmor og það verður til einhver sérkennileg atómbomba þó það sé ekkert verið að rembast. Ég hugsa að það verði virkilega skemmtilegt á sviðinu.

**Fórst þú sem sagt á Þjóðhátíð sem tónlistarmaður löngu áður en þú fórst sem „óbreyttur þjóðhátíðargestur“?**

Já, ég held að ég hafi farið á Þjóðhátíð í fyrsta skipti þegar Með allt á hreinu var tekin upp. Þá voru Grýlurnar reyndar bara að leika í þjóðhátíðarsenum sem gerast í myndinni og voru því aðeins á sjálfu sviðinu til þess að taka upp þetta eina atriði þegar við sungum Úti í Eyjum. Við Grýlurnar fengum sem sagt ekki að spila. Svo var mér reyndar sagt að við hefðum spilað árið áður en ekki fengið að spila aftur af því að við vorum of „pönk-aðar“ eða eitthvað. Ég viðurkenni að ég þarf að rifja þetta upp, ég man þetta allavega ekki (hlær).

**Grýlurnar voru ekki fyrsta hljómsveitin sem þú varst í en það var fyrsta hljómsveitin sem þú stofnaðir, ekki satt?**

Jú, það var fyrsta hljómsveitin sem ég gat kallað mína eigin. Ég lít á það sem ég var hluti af fyrir – Brunaliðið, Glámur og Skrámur, barnaplötur og Brimkló – sem rosalega fínan skóla fyrir það sem ég átti seinna eftir að gera. Ég fór að vísu í nettan „rebel“ þegar ég hætti í Brimkló og hugsaði að nú yrði ég að gera eitthvað til að sporna við öllum þessum karlrembum og fara í verkefni bara með konum, Grýlurnar, en það var bara hluti af stemningunni sem var í gangi árið 1981. Auðvitað kom þessi reynsla úr fyrri verkefnunum mér til góða en ég er hins vegar bara nýbúin að fatta það.

**Þegar Grýlurnar stigu fram voru þær titlaðar sem fyrsta kvennahljómsveit landsins. Þá auglýstir þú bara eftir stelpum sem væru til í að stofna band með þér, var það ekki?**

Jú, ég auglýsti það í viðtali í Morgunblaðinu, ég fékk hugmyndina meira að segja í miðju viðtalinu (hlær). Ég man eftir augnablikinu þegar ég sagði við blaðamanninn, mjög hægt: „Heyrðu, ég ætla bara að

stofna kvennaband. Ég ætla að vera með prufur og síminn hjá mér er...“ og síminn fór bara strax í gang um leið og viðtalið birtist. Þannig urðu Grýlurnar til.

**En var einhver sérstök kveikja að stofnun hennar og þessum uppreisnarhug sem þú nefnir?**

Ég held að ég hafi reyndar aðallega stofnað þessa hljómsveit til þess að fá að ráða sjálf (hlær). En hljómsveit er auðvitað samvinnuverkefni. Það er ekkert hægt að vera með einhvern yfirgang þegar fram í sækir, ég hafði nú sjálf reynslu af því úr þessum fyrri verkefnum. Ég hef aldrei verið með neina komplexa yfir því að vera kona í tónlist því tónlistin er vettvangur sem ég á heima á. Ég hafði og hef alltaf haft sjálfstraust með það að gera, þó svo að maður hafi kannski ekki haft sjálfstraustið eða sjálfsmatið í einhverju öðru.

**Lagið Sísí verður líklega að teljast aðalsmellur Grýlanna. Er einhver saga á bak við texta þess lags?**

Nei, ekki frekar en við lagið Maó Gling, sem var líka í myndinni Með allt á hreinu. Textarnir við þessi lög eru bull. Ég hef verið hrifin af því að líta á röddina sem hljóðfæri og þá ekki með skiljanlegan texta heldur einhvers konar dadaisma-hugsun og spuna. Það þarf ekki texta í söng frekar en í hljóðfæraleik til að ná fram tilætlaðri tjáningu á tilfinningu eða hugmynd. Sú þæling hjá mér byrjaði ána en síðan þá hef ég gert nokkrar plötur sem eru nánast eingöngu byggðar á sömu þælingu. Bull er gull.

**En lítur þú samt svo á að Sísí fjalli um eitthvað?**

Sísí er eiginlega bara fyrst og fremst hressleiki og „bjart framundan-laglína“. Það er svona lag sem virkar vel með „crowdi“ og svo kemur bullfraskan inn í bara af því að það var þægilegt að nota hana til að útskýra virkni Súsíki-saumavélarinnar og Súsíki-jeppans.

Ég man eftir því hvernig öll þessi lög urðu til, Sísí varð til í bílnum mínum. Á þessum tíma þurfti

ég að keyra oft á milli Kjalarness og Reykjavíkur. Í þeim bílferðum nýtti ég tímann til að semja lög og var þá með upptökutæki í farþegasætinu. Svo þegar ég komst næst í píanó fór ég beint í að hljómsætja lögin.

**Það er svolítið skemmtileg tilviljun að síðan hafi Sísí Ey-systurnar tekið lag með Grýlunum, en þær fluttu lagið Ekkert mál í Hljóm-skálanum. Sást þú það?**

Já, það var flott hjá þeim. Það er búið að gera ansi mörg „cover“ af lögum með Grýlunum en þá hefur reyndar Sísí aðallega orðið fyrir valinu hjá tónlistarmönnum. Ég held að það hafi fáar ballhljómsveitir sleppt því að taka það.

**Grýlurnar lögðu mikið upp úr skemmtilegum hljómsveitarbúningum. Var þetta upphafið að því að þú fórst að leggja mikið upp úr að vera í einhvers konar múnderingum á sviði?**

Já, það má kannski segja það. Þegar ég fór síðan að syngja með Stuðmönnum þá voru rosalega miklar búningapælingar í gangi hjá þeim og ekki síður leikmyndapælingar. Ég gæti trúað því að Stuðmenn séu jafnvel svolitlir frumkvöðlar þegar kemur að umgjörð í kringum tónleika. Sumum fannst þetta búningadæmi kannski einum of mikið á köflum. Það þótti kannski ekkert rosalega þægilegt að spila á sviði í einhverjum sokkabuxum og kufum. Það var nefnilega alls ekki verið að þæla í því að þetta væru búningar sem menn tækju sig eitthvað rosalega vel út í, það var kannski frekar öfugt.

Mér sjálfri finnst mjög gaman að koma fram í einhverjum gervum sem eru ekki „hipp og kúl“ heldur eitthvað allt annað.

**Hvernig kom það til að Grýlurnar urðu hluti af Með allt á hreinu?**

Leikstjórinn, Ágúst Guðmundsson, boðaði mig bara á fund. Ég þekkti Stuðmenn ekki neitt fyrir þetta verkefni, ég held að ég hafi aldrei einu sinni hitt þá fyrr. Ágúst og Valgeir Guðjóns komu heim til mín og báru hugmyndina að myndinni undir mig.

**Og lá beint við að þið Grýlurnar kýldu á þetta?**

Nei, það lá alls ekkert beint við af því að ég fékk umhugsunarfrest og allir vinir mínir mæltu gegn því að ég tæki þátt. Ágúst Guðmundsson vinur minn í dag hafði einhverju áður boðið mér að vera með í bíómynd og síðan svikið mig með það. Það er reyndar eitthvað sem ég hef fyrirgefið honum síðan (hlær). Mig langaði hins vegar að gera þetta og ég sé ekki eftir því.

**Ég hefði gjarnan viljað halda þessu lengur áfram enda vorum við komnar með töluverðan meðbyr, bæði hérlendis og erlendis, en það gekk ekki upp. Svo byrjuðum við Jobbi að vera saman og það þróaðist út í það að Yoko var allt í einu mætt í Stuðmenn (hlær).**

**Úr varð ein ástsælasta kvikmynd allra tíma hér á landi. Er eitthvað í sambandi við hana sem stendur upp úr fyrir þér?**

Það var bara allt skemmtilegt í þessu verkefni. Þetta var mjög frikað að því leyti að Stuðmenn voru að spila á kvöldin því þeir voru á túr um landið og við Gærurnar stukkum inn þá daga sem þörf var á okkur. Þeir voru eiginlega að vinna 24/7 og maður skilur eiginlega ekki hvernig þeir fóru að þessu. Öll samtöl í senunum voru spennin. Við sáum aldrei handrit og það var ótrúleg reynsla að gera þetta. Maður fékk fyrirmæli eins og: „Ókei, núna erum við að fara að taka atriði þar sem þið eruð mjög ósátt. Allir klárir? Aksjón!“ (hlær).

**Fljótlega eftir myndina liðuðust Grýlurnar í sundur og þú gekkst til liðs við Stuðmenn.**

Já, en Með allt á hreinu kom Grýlunum á kortið, svo hljómsveitin átti Stuðmönnum það að þakka. Eftir hana fórum við í tónleikaferðalag til að fylgja plötunni okkar eftir, Mávastellinu, og það má segja að það hafi eiginlega sprengt hljómsveitina í tætlur. Það getur tekið á að vera saman í hljómsveit öllum stundum, það er nauðsynlegt að taka frí á stundum, en við gerðum það ekki. Ég hefði gjarnan viljað halda þessu lengur áfram enda vorum við komnar með töluverðan meðbyr, bæði hérlendis og erlendis, en það gekk ekki upp. Svo byrjuðum við Jobbi að vera saman og það þróaðist út í það að Yoko var allt í einu mætt í Stuðmenn (hlær).

**Hafa Grýlurnar einhvern tímann sameinast aftur á sviði?**

Nei, en það hefur oft verið spurt um slíkt en það mun aldrei gerast. Mér finnst „kombakk“ bara leiðinlegt fyrirbæri. Það er annar tími og önnur orka í gangi og það höfðar ekki til mín. Mér finnst skemmtilegra að halda þeim bara á þeim stað sem þær voru. Svo eru hins vegar til hljómsveitir sem eru bara alltaf til, eins og Stuðmenn. Þeir virka af því þeir hafa alltaf gert grín að sjálfum sér í samhenginu að þeir séu skallapopparrar frá æsku hljómsveitarinnar. Þeir hafa alltaf gengið út frá því að þeir séu „búnir að vera“ og það er húmorinn.

Ef Grýlurnar kæmu hins vegar fram í einhverju „kombakki“, þá væri það bara hálfðapur. Að sama skapi hefur mér ekki þótt það virka þegar hljómsveitir eins og Egó og Skurmolarinn hafa farið að spila aftur eftir áratuga hlé.

**Þú varst bara 18 ára þegar Stuðmenn gáfu út sína fyrstu plötu árið 1975 og eins og þú segir þekktir þú þá ekki neitt, en fylgdist þú með þeim?**

Já, ég man þegar ég heyrði lagið Draumur okkar beggja í fyrsta skipti í útvarpi og það var einmitt alveg á skjön við alla þessa framsæknu tónlist sem var í gangi þá. Nafn hljómsveitarinnar er meira að segja svona passlega ömurlegt og kallar á ákveðin þúkalegheit. Hjá Stuðmönnum hefur allt verið miðað við að vera á skjön við það

## Á MILLI LÍNANNA

**Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður? Að geta borað í vegg.**

**Er meiriháttar mál að skipta um dekk á vörubíl? Það er mál að vita hvar varadekk og tjakk er að finna í bílum.**

**Yfir hverju frikaði Sísí út? Gæðum Súsíki-saumavélarinnar, jeppans og mótorhjólans.**

**Er Einar og Anna úti í Eyjum komin í leitirnar? Einar hefur ekki yfirgefið Eyjarnar frá árinu 1982 svo vitað sé. Hann og Anna eru saman og er ekki annað að sjá en að hann**

**ann enni enn.**

**En klípur Einar enn? Bæði konur og menn.**







sem er töff, og stundum verður slíkt bara flott fyrir bragðið. Ég féll alveg fyrir þeim og það má segja að Stuðmenn, Pursarnir og Utangarðsmenn hafi verið uppáhaldshljómsveitir mínar á þessum tíma, eða upp undir 1980.

**Sástu það fyrir þegar þú varst að spila með Grýlunum að þú myndir enda sem söngkona Stuðmanna?**

Nei, alls ekki. Það var líka eitthvað skrýtið við þetta allt saman því ég hafði og hef eiginlega aldrei litið á mig sem söngkonu, líklega bara af því að ég ætlaði mér annað og meira í tónlist. Ég er tónlistarkona.

**Þú hefur engu að síður sungið mörg lög með Grýlunum og Stuðmönnum sem hafa staðið tímans tönn og orðið sígild stuðlög. Finnur þú fyrir því að mörg þessara laga eru ódauðleg og spiluð enn í partíum hjá fólki á öllum aldri?**

Maður heyrir kannski af því en ég velti mér ekkert upp úr því. Það er kannski helst að ég fangi það þegar ég er fengin til að syngja einhver þessara laga við einhver ákveðin tækifæri. Ég hef til dæmis verið fengin til að syngja Draumaprinsinn í brúðkaupi, þá var það uppáhaldslag brúðarinnar. Það var frekar sætt atriði að syngja þennan texta, „kannski sé ég draumaprinsinn Benoný“, í brúðkaupinu. Það fór bara heil Dómkirkja að hlæja í miðri giftingu (hlær).

**Þú sagðir hins vegar skilið við Stuðmenn árið 2005. Af hverju?**

Þetta tók of mikinn tíma og mig langaði að gera aðra hluti, ég var búin að ákveða að fara í tónsmíðanám í Listaháskóla Íslands.

**En hvað kemur til að þú kemur aftur fram með þeim núna?**

Það er af því að bíómyndin Með allt á hreinu fagnaði stórafmæli í haust og þá hefur verið blásið í alla lúðrana. Við kunnum þetta og það þarf ekkert að hafa neitt mjög mikið fyrir því að detta inn í þetta. Þetta er eins og með að læra að hjóla. Þar að auki er þetta rosalega góð líkamsrækt. Maður þarf að vera í massagóðu formi til að geta sungið þetta allt á fullu blasti og hreyft sig með, það er mjög líklega eins og að fara í fullt maraþon.

**Þú nefnir að þú hafir skellt þér í LHÍ þar sem þú kláraðir BA- og MA-próf í tónsmíðum. Var ekkert skrýtið að setjast á skólabekk í listgrein sem þú hafðir haft að atvinnu frá tvítugsaldri?**

Nei, ég er frekar forvitin að eðlisfari um lífið og allt mögulegt sem því viðkemur. Mér finnst mikilvægt að vera opin fyrir því sem er í gangi í samfélaginu, á mismunandi sviðum, til dæmis vísinda og lista. Að fara í LHÍ var fyrir vikið fróðlegt, spennandi og skemmtilegt.

**Hvað græddir þú helst á náminu?**

Ég lærði bara svo margt þó svo að tilfinningin að ég kunni ekki neitt eða minna eftir því sem ég nemi meira vakni því dýpra sem ég kafa. Þegar maður tekur svona áskorun gengur það alltaf misvel. Það komu stundir þar sem manni leið eins og maður væri bara á rangri hillu, þar sem maður spurði sig: „Heyrðu, er ég búin að vera að misskilja þetta allt mitt líf? Kannski hefði ég bara átt að fara í frjársar og verða spjótkastari.“

Ég lærði líka mjög mikið á lokaverkefnum mínum en ég fór líka óhefðbundna leið í verkefnavali. Ég ákvað að skoða það hvernig fólk án virkrar heyrnarstöðvar skynjar tónlist og hvort þau gerðu greinarmun á henni og hljóði. Svo voru viðbrögð þeirra borin saman. Einnig voru borin saman viðbrögð þeirra og heyrandi einstaklinga við sömu hljóddæmunum. Með því að skoða þetta lærir maður að meðtaka tónlist með öðru en eyrunum. Ég fór að skoða tilfinningar og viðbrögð þegar ég hlusta á tónlist og reyni að muna að taka hana inn með öllum líkamanum. Meðvitundin er í öllum líkamanum. Heyrnarskert fólk þróar með sér einstakt tilfinninganæmi og ég trúi öllu sem það hefur að segja þegar kemur að tónlist. Svo það að vera heiðarlegur í gerð tónlistar er mikilvægt og finna í hjartanu hvað maður vill og fylgja því algerlega. Það getur tekið tíma að finna það því hugurinn getur verið svo stjórnsamur. Ég gæti trúað að þú spyrðir þig sjálfan stundum ósjálfrátt að því hvort þú trúir söngvaranum á sviðinu. Það skiptir ekki máli hvaða tónlist er í gangi og ekkert endilega þitt uppáhald, en annaðhvort trúir þú honum eða ekki.

**ÚTI' Í EYJUM**

**Fyrsta minning um Vestmannaeyjar:**

Það er bara þegar við vorum að gera Með allt á hreinu. Ég held að það hafi verið fyrsta skiptið sem ég kom þangað, eða allavega fyrsta skiptið sem ég man eftir.

**Fjöldi skipta sem ég hef farið á Þjóðhátíð:** 10, sírka.

**Hápunkturinn til þessa:** Hann var þegar ég uppgötvaði Brekkusönginn í brekkunni með Birkí manninum mínum. Fram að því hafði ég alltaf gert grín að brekkusöngnum en svo var þetta bara ótrúlega rómu.

**Lagið sem mér finnst skemmtilegast að flytja með Stuðmönnum:**

Draumur okkar beggja í Mariah Carey-útgáfunni.

**Uppáhaldshljómsveitabúningur:** Mér finnst fitubúningarnir úr divanaáklæðinu flottustu Stuðmannabúningarnir.





# THE BEST NEVER REST



„JAFNVEL  
**SKEMMTILEGRI**  
EN FYRRI MYNDIN“  
CHICAGO SUN-TIMES

BRUCE WILLIS ÁSAMT HEILU HERLÐI AF LEIKURUM ERU  
FRÁBÆR Í ÞESSARI MÖGNUM GRÍN/SPENNUMYND

BRUCE WILLIS JOHN MALKOVICH MARY-LOUISE PARKER CATHERINE ZETA-JONES BYUNG HUN LEE WITH ANTHONY HOPKINS AND HELEN MIRREN

# RED 2

## KOMIN Í BÍÓ

**SAMBÍON**

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á  
**SAMbio.is**



/// Það komu stundir þar sem manni leið eins og maður væri bara á rangri hillu, þar sem maður spurði sig: „Heyrðu, ég búin að vera að misskilja þetta allt mitt líf? Kannski hefði ég bara átt að fara í frjálsar og verða spjótkastari.“

**Nú ert þú með meistaraþráðu í tónsmíðum. Hvað er þá framundan hjá þér í tónlistinni?**

Núna er ég að vinna að tveimur plötum. Aðra plötuna er ég að vinna með Helga Svavari Helgasyni, tónlistarmanni, slagverksleikara og trommara í Hjólmum. Það verður einhvers konar forrituð tónlist, sem er eitthvað sem ég hef verið að vinna dálítið með. Hina plötuna vinn ég ein og er skrifað, eða óskrifað, fyrir túnfífl sem ég spila sjálf á og einnig kínerskan trompet, suona. Ég er búinn að safna þessum túnfíflahljóðum síðan 2006 og gerði eitt lítið verk í skólanum sem heitir Túnfífl. Nú er ég að gera verk sem verður sirka 50 mínútur.

**Það er sem sagt ekkert fleira framundan hjá þér og Stuðmönnum?**

Nei, enda er ég ekki að byrja aftur í Stuðmönnum. Þetta verður bara eitt „show“ á Þjóðhátíð og síðan annað klinkað stuð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á sunnudeginum. Ég get ekki sagt til um framtíð Stuðmanna, þú verður að spyrja forkólfinn Frímann flugkappa frekar um það mál (hlær).

## SMÁA LETRIÐ

### KVIKMYNDIR

**Myndin sem ég get horft á aftur og aftur:** Kill Bill vol. I & II eru tvær þeirra.

**Myndin sem ég felli tár yfir:** Fæ alltaf ekki og græt mikið á öllum sorglegum myndum.

**Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir:** Til dæmis Pulp Fiction og sænska myndin Kops.

**Uppáhaldsmyndin mín í æsku:** Life of Brian með Monty Python og Nútíminn með Charlie Chaplin.

**Versta mynd sem ég hef séð:** Heimildarmynd um The Beatles, man ekki hvað hún heitir.



### TÓNLIST

**Lag í uppáhaldi þessa stundina:** Merry You með Disu og Stuck in The Moll með Lollu.

**Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina:** Guilloine (It goes, yah) með Death Grips

**Lagið sem ég fíla í laumi:** Hvaða lag sem er á Hammond pop 70.

**Nostalgíulagið:** Midnight Summer Dream með Stranglers

**Lagið sem ég syng í karóki:** Ain't No Sunshine When She's Gone.



### FORM OG FÆÐI

**Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á:** Blágrænir þörungar beint af skepnunni.

**Líkamsræktin mín:** Ofurtamning í tímum Steinunnar Th., sjóróður, hjól og golf.

**Stoltasta augnablikið á íþróttarlinum mínum:** Silfrið sem við sjóræðararnir Sækkettir tókum núna á sjómannadaginn síðastliðinn.

**Versti matur sem ég hef smakkað:** Andarfit í brúnni sósu í Peking í Kína.







NÝJAR UMBÚÐIR - SAMI GÓÐI SÓL SAFINN

# NÝKREISTUR SAFI BEINT Í FLÖSKUNA

Í EINNI FLÖSKU AF SÓL SAFA ER SAFI ÚR 8 FLORIDA APPELSÍNUM

**EKKERT FJARLÆGT - ENGU BÆTT VIÐ!**



Það eru einungis FLORIDA APPELSÍNUR í Sól safanum. Þær eru HLAÐNAR VÍTAMÍNUM og nauðsynlegum BÆTIEFNUM. Appelsínurnar eru HANDTÍNDAR af trjánum á nákvæmlega réttu þroskastigi og pressaðar ein í einu.

**SÓL APPELSÍNUSAFI ER HREIN NÁTTÚRUAFURÐ**





1

## Búningafólkið

Það eru helst heimamenn sem taka þátt í búningakeppninni en vinahópar í Eyjum leggja gjarnan mikinn metnað í búningavalið. Ef þú týnist er næstum öruggt að **McDonalds-trúðarnir** eða Baywatch-liðið geti vísað þér til vegar. Svo eru margir vinahópar á Þjóðhátíð sem finna hjá sér mikla þörf til að **merkja sig**. Algeng aðferð til þessara merkinga er að allir í vinahópnum fái sér eins peysu með einhverjum frasa eða gælunöfnum eins og „Mamma heldur að ég sé í Vatnaskógi“ eða „**Big G**“. Ef einhver er með símanúmerið sitt á peysunni skaltu ekki hringja, það er gildra.



2

## Gítar-glamrarrarinn


Málið með gítarglamrarrana er hvað þeir eru misgóðir. Einn gítarglamrarrinn getur pikkað upp hvað sem er og leiðir sönginn af dugnaði á meðan annar rétt slefar í hæfni **Árna Johnsen**. Það er þó bráðnauðsynlegt að hafa gítarista við höndina á fallegu sumarkvöldi og það er hægt að láta ýmislegt yfir sig ganga í skiptum fyrir háværan samsöng á „**Nínu**“.



3

## Bugaða týpan

Þessi einstaklingur gleymdi regngallanum heima, reifst við kærustuna og **drakk yfir sig**. Ofan á allt þetta þá ratar hann ekki aftur í tjaldið sitt. Sýndu buguðu týpunni samúð með því að gefa henni örlítið **kandifloss** og flýttu þér síðan í burtu svo þú smitist ekki af buguninni.



## Ástfangna parið

Kannski eru þau nýbyrjuð saman og **ofboðslega skotin**. Kannski voru þau bara að kynna. Kannski voru þau að trúlofa sig rétt í þessu en það skiptir ekki máli hver forsagan er. Ástfangna parið veltist um af **kossafleinsi** í brekkunni, upp við sviðið, niðri við kamrana, inni í hvítu tjöldunum og bara hvar sem þeim dettur í hug. Á Þjóðhátíð er þessi hegðun fullkomlega ásættanleg af því að „**lífið er yndislegt**“ en ef ástfangna parið er með þér í tjaldi skaltu reyna að redda þér öðrum næturstað, bara svona til öryggis.

4

# 10

## TÝPUR

sem þú hittir á Þjóðhátíð





Þó svo að Þjóðhátíð verði haldin með eilítið öðru sniði í ár er sumt sem breytist aldrei. **Monitor** tók saman tíu týpur sem láta alltaf sjá sig á Þjóðhátíð og fékk MH-ingana **Ragnhildi Björnsdóttur, Kareni Björk Eyþórsdóttur og Tryggva Björnsson** til að túlka þessa skrautlegu einstaklinga.



## Lúkkarinn

Þessi einstaklingur er alltaf að passa upp á lúkkið. Hann keypti sér **splunkunýja lopapeysu** fyrir Þjóðhátíð og regnbuxur í stíl. Timberland-skórnir eru burstaðir á hverjum morgni áður en hlaupið er út í laug til að ná í **sturtu** áður en örtröðin byrjar. Karlkynslúkkarinn notar símann sinn reglulega til að „**tékka dúíð**“ í brekkunni og kvenkynslúkkarinn er með **sólarpúðrið** tilbúið innanklæða fyrir neyðartilvik. Ef þig vantar vatns-heldan maskara eða hárgel veistu hvert þú átt að leita.

5



## Heimamaðurinn



6

Það gáfulegasta sem þú getur gert á Þjóðhátíð er að **vingast** við heimamann. Þú gætir komist í sturtu, fengið heimalagaða máltíð og skemmt þér ungum sem öldnum í **hvítu tjöldunum**. Kannski getur viðkomandi meira að segja kynnt þig fyrir **David James**. Alvöru þjóðhátíðarfilmingur fæst með því að verða ættleidd/ur Eyjapeyji/pæja yfir eina helgi og gleyma því svo um leið og þú stígur úr **Herjólfi**.



## Reiðvarinn

Þessi einstaklingur er ekki í essinu sínu fyrr en **Pallaballið** hefst en var þó fljótur að rífa fram **sjálflysandi stautu**, hálsmen og gleraugu um leið og það tók að dimma.

7



## Brennuvargurinn

Þessum einstaklingi er hápunktur Þjóðhátíðar að **kveikja í tjaldinu** síðasta daginn. Ef þú átt vin sem fær glampa í augun þegar hann sér **eldspýtur** skaltu pakka slökkvitæki í bakpokann þinn og vona það besta.

8

## Brekku-pissarinn


Hann lítur út alveg eins og ég og þú. Hann getur verið af hvoru kyninu sem er og á öllum aldri. Á venjulegum degi er hann bara **meðaljón** sem pissar hljóðlega í skálina og þvær sér um hendurnar eftir á en á Þjóðhátíð leyfir hann **þvagini** að renna letilega niður brekkuna í átt að vinum sínum og skammast sín ekki neitt.



10

## Þreytti starfsmaðurinn

Starfsmaðurinn röltir um svæðið á hverjum morgni og tínir upp **rusl** eftir þig vitandi fullvel að hann mun hvort eð er þurfa að eyða öllum mánuðeginum í að vaða **hlandblautar brekkurnar** eftir nammibréfum og bjórdósum. Honum ber að pakka sérstaklega fyrir störf sín en það sama má segja um starfsmennina sem tæma kamrana, það eru sannkallaðar **hvunnadagshetjur**.



9



# Misreynd EN ÖLLI jafnspennt



**Monitor** tók púlsinn á þremur misreyndum Þjóðhátíðarforum sem verða allir finnanlegir á hátíðinni í ár

## Stjörnu- ljósa- stelpa

**Halla Margrét Bjarkadóttir** er á leið á sína fyrstu Þjóðhátíð og er einfaldlega að farast úr spennu.

**Hversu oft hefur þú farið á Þjóðhátíð?**

„This is my first time“ (sem á góðri íslensku útleggst: „Þetta er sú fyrsta í röðinni“).

**Hversu mikill Þjóðhátíðarreynslubolti myndir þú segja að þú værir á skalanum 1-10?**

Ég myndi segja kannski 2. Því ég hef, skilurðu, aldrei farið.

**Hvar ætlar þú að gista?**

Örugglega bara þarna.

**Hvers gætir þú ekki verið án á Þjóðhátíð og af hverju?**

Ég gæti svo sannarlega ekki verið án góða skapsins. Er ekki málið að hafa bara gaman?

**Brennan, flugeldasýningin eða blysin?**

Alveg pottþétt blysin, ég er svo mikil stjörnuljósastelpa.

**Hvernig leggst Þjóðhátíð í ár í þig?**

Fáranlega vel. Ég er viss um að þetta verði besta Þjóðhátíð sem ég hef farið á. Hún verður pottþétt



Myndir/RósaBraga

**HALLA FER Á SÍNA FVRSTU ÞJÓÐHÁTIÐ Í ÁR**

eftirminnilegust því ég hef, skilurðu, aldrei farið.

**Hvert er besta Þjóðhátíðarlag allra tíma?**

La Dolce Vita með Palla er besta partilagið, þó ég haldi nú alltaf upp á Úti í eyjum með Stuðmönnum þó það sé nú ekki formlegt Þjóðhátíðarlag. Trallala-kafinn slær öll met.

**Hvert er versta Þjóðhátíðarlag allra tíma?**

Þó ég sé „a big fan of“ Júlí Heiðar þá var ég nú ekki alveg að fíla þegar minn maður henti í lagið

Á þjóðhátíð sem var eitthvert auka-Þjóðhátíðarlag.

**Hvaða lag myndir þú syngja ef þú kæmist upp á svið á sunnudagskvöldinu?**

Rangur maður því ég held að það ætti nokkuð vel við.

**Hvort myndir þú frekar vilja missa af Þjóðhátíð eða kyssa alla á Þjóðhátíð?**

Halló halló. Það yrði allavega eftirminnileg Þjóðhátíð ef ég myndi velja seinni kostinn.



## Mikilvægt að **röddin** sé í toppstandi

**Hversu oft hefur þú farið á Þjóðhátíð?** 4 sinnum á 4 árum, ást við fyrstu sýn.

**Hversu mikill Þjóðhátíðarreynslubolti myndir þú segja að þú værir á skalanum 1-10?**

Ég myndi segja að ég væri sterkur fjarki.

**Hvar ætlar þú að gista?**

Ég enda líklega á Þórstjaldstæðinu en ég á yndislega frænku sem býr í Eyjum sem heitir Ella og get ég flúið til hennar ef það verður vont veður.

**Hvers gætir þú ekki verið án á Þjóðhátíð og af hverju?**

Gúmmítutta, pollabuxna, lopapeysu og vökvans sem gerir lífrina slæma, mikið atriði líka að röddin sé í toppstandi. Gult vesti er líka sterkt, það er að segja ef þú ætlar að svindla þér inn.

**Brennan, flugeldasýningin eða blysin?**

Blysin, klárlega. Held það sé ekki hægt að lýsa tilfinningunni þegar það er tendrað upp í þeim, endaði meira að segja af einhverri ástæðu, einn í fyrra á meðan blysin kviknuðu en það var samt ógeðslega gaman.

**Hver er eftirminnilegasta Þjóðhátíðin sem þú hefur farið á?**

Fyrsta Þjóðhátíðin, 2009. Hafði engar væntingar, missti Svein Aron, frábært veður og ég áttaði mig á því hvar ég myndi verða næstu verslunarmannahelgar. 2010-Þjóðhátíðin var líka góð, ég laug að þjálfaranum mínum að ég væri veikur á fimmtudegi, hringdi síðan í hann með skottið á milli lappana á mánudegi og sagðist hafa misst af bátnum, fótboltaæfingin á þriðjudeginum var algjört helviti fyrir mig. Samt þess virði.



# Ekkert partí án góðra vina

## Veronika Kristín Jónasdóttir mun í ár leggja í annað sinn inn á Þjóðhátíðarreynslubankann.

### Hversu oft hefur þú farið á Þjóðhátíð?

Þetta verður í annað sinn í ár og ég get ekki beðið.

### Hversu mikill þjóðhátíðarreynslubolti myndir þú segja að þú værir á skalanum 1-10?

Ég tók miðvikudag til mánudags síðast svo ég myndi segja 6.

### Hvar ætlar þú að gista?

Ég gisti líklegast hjá vinkonu minni sem býr í Eyjum eða í tjaldi.

### Hvers gætir þú ekki verið án á Þjóðhátíð og af hverju?

Góðra vina. Það er ekkert partí án þeirra.

### Brennan, flugeldasýningin eða blysin?

Klárlega blysin, ólýsanleg tilfinning að vera með öllum vinunum upp í brekku þegar þau fara af stað.

### Hvernig leggst þjóðhátíðin í ár í þig?

Þjóðhátíðin árið 2010 var mín fyrsta og eina en hún er ótrúlega eftirminnileg og það verður erfitt að toppa hana. En ég á svo sem ekki von á öðru en að veislan í ár verði geggjuð.

### Hvert er besta þjóðhátíðarlag allra tíma?

Brim og boðaföll er í uppáhaldi, það er eitthvað við lagið sem gleður mig.

### Hvert er versta þjóðhátíðarlag allra tíma?

Úff, ég held að ekkert lag verði lélegt á Þjóðhátíð.

Hvaða lag myndir þú syngja ef þú kæmist upp á svið á sunnudagskvöldinu? Ef það á að vera þjóðhátíðarlag þá myndi ég velja Lífið er yndislegt og vera væmin og tileinka það vinkunum mínum.

### Hvort myndir þú frekar vilja missa af Þjóðhátíð eða kyssa alla á Þjóðhátíð?

Ég er alveg til í að kyssa Alla til þess að komast á Þjóðhátíð.

VERONIKA VÆRI ALVEG  
TIL Í AÐ KYSSA ALLA

BERGSVEINN HEFUR FARID 4 SINNUM  
Á 4 ÁRUM TIL EYJA OG SEGIST  
REYNSLUBOLTI UPP Á 4

**Bergsveinn Ólafsson** elskar Þjóðhátíð og flýr til Ellu frænku ef veðrið verður vont.

### Hvert er besta þjóðhátíðarlag allra tíma?

Það segir sig sjálf, Lífið er yndislegt.

### Hvert er versta þjóðhátíðarlag allra tíma?

Það er svo gaman með þessi þjóðhátíðarlög að þau venjast öll svo vel, því oftast sem maður hlustar, því betra.

### Hvaða lag myndir þú syngja ef þú kæmist upp á svið á sunnudagskvöldinu og af hverju?


Angels með Robbie Williams.

### Hvort myndir þú frekar vilja missa af Þjóðhátíð eða kyssa alla á Þjóðhátíð?

Ég myndi sennilega enda með því að slumma einum rennandi blautum á alla og hafa gaman af því.



## EINA VITIÐ Á MÁNUDAGINN



Léttmjólk



# Fólkið í Eyjum

Þjóðhátíð í Eyjum væri hvorki lundi né fiskur ef ekki væri fyrir allt kampakáta fólkið úti í Heimaey. Monitor hleraði tvær pæjur og peyja.

## Kurteisi í hvítu tjöldunum

**Nú ert þú íþróttafraeðingur. Er Þjóðhátíð ekki bara í raun íþrótt?**

Jú, maður þarf að vera í formi til að komast í gegnum hana. Sumir þurfa bara að fá hvíldarinnlögn á sjúkrahúsi eftir svona Þjóðhátíð, þetta er ekki fyrir neina vælukjóa. Dagskráin er náttúrulega þannig að maður er kominn inneftir klukkan þrjú á daginn með börnin í sínu finasta þússi, svo er kaffi í tjaldinu, svo er að drífa sig heim til að drífa sig í kvöldfötin til að drífa sig í brekkuna til að njóta dagskrárinnar. Svo drífur maður sig heim með börnin til að drífa sig niður í dal til að djamma. Síðan þarf maður að drífa sig heim til að sofa áður en börnin vakna. Þetta er svolítið að drífa sig. En þetta er ekki bara að þjóta heldur líka til að njóta.

**Númer hvað er þessi Þjóðhátíð hjá þér?**

Ég ferdist 1983 (hlær) og ég hef bara slegpt tveimur Þjóðhátíðum síðan þá. Ég bjó í fimm ár á Skaganum og þar missti ég af tveimur og það gerist ekki aftur. Það er ekki skemmtilegt að hlusta á Árna Johnsen í útvarpinu.

**Ertu með hvítt tjald?**

Síðan 1973 hafa foreldrar mínir verið með eina hjólhýsið í tjaldborginni. Eftir að þau féllu frá

höfum við systkinin verið með það. En ég hef alltaf verið með svo mikið af gestum svo ég flutti í hvítt tjald í fyrra sem er við hliðina á hjólhýsinu. Tjaldið gefur líka betur eftir en hjólhýsið svo það er hægt að troða meira inn í tjaldið.

**Hvað ertu að bjóða fólki upp á í tjaldinu þínu?**

Aðallega eru þetta vinir sem eru með í tjaldinu en auðvitað eru einn og einn ókunnugur sem mætir til að upplifa stemninguna í hvítu tjöldunum og hann er alltaf boðinn velkominn svo lengi sem hann er kurteis.

**Er eitthvert atvik frá Þjóðhátíð eftirminnilegast?**

Það er eitt atvik sem stendur upp úr. Ég hef örugglega verið innan við tvítugt þegar ég var að labba í mínu finasta þússi yfir brúna og að mér kemur einhver drukinn aðkomumaður sem vildi endilega faðma mig. Ég var ekki til í það svo hann skutlaði mér yfir handriðið og út í tjörn. Og ég var svo reið að ég stóð upp og hljóp gaurinn uppi. Hann var bara heppinn að gæslan skyldi koma á því augnabliki.

**Hvað elskar þú mest við Þjóðhátíð?**

Það er að vera partur af þessari stemningu. Þegar maður situr í brekkunni og dagskráin er flott þá slær Eyjahjartað ört.

### KATRÍN HARÐARDÓTTIR

Aldur: 43 ára.

Starf: Íþróttafraeðingur.

Uppáhaldshljómsveit: Nýdönsk.

Uppáhaldslag í öllum heiminum: Nýja Þjóðhátíðarlagið í augnablikinu þó ekkert toppi Lífið er yndislegt.

Lífið er... yndislegt.



## Þjóðhátíð heilagri en jólin

**Nú ert þú bókar. Ert þú búinn að bóka frí hjá öllum í Ísfélaginu?**

Það eru allir í frí þessa helgi, það er bara þannig. Þetta er heilagra en jólin. Við stoppum alla vinnslu í Vestmannaeyjum þó við séum vissulega með starfsemi á Þórshöfn og bátarnir okkar verða flestir að.

**Númer hvað er þessi Þjóðhátíð hjá þér?**

Það eru sirka 5 Þjóðhátíðir sem ég hef misst af svo þessi er í kringum 50. Ég fæddist 16. ágúst svo ég var ekki á Þjóðhátíð á fæðingarárinu. Ég hef tvisvar verið á Íslandi og ekki á Þjóðhátíð og það er ekki gott hlutskipti.

**Ertu með hvítt tjald?**

Við systkinin og móðir okkar höfum verið saman með tjald í áratugi.

**Hvað ertu að bjóða fólki upp á í tjaldinu þínu?**

Það er hefðbundið kruðeri. Við bjóðum upp á rækjusamlök, flatkökur, kleinur og tertur. Svo erum við með steikarökur með djúsi álegg. Svo allir eiga að geta verið saddir og sælir.

**Reimar þú á þig hlaupaskóna þegar þið heimamenn farið að keppast um stað fyrir hvíta tjaldið?**

Það þarf að hafa fyrir þessu og margar Þjóðhátíðir hefur maður fengið kvíðahnút í

magann þegar kemur að þessu augnabliki. Þetta er reyndar aðeins auðveldara, nú fer ekki á milli mála hvenær hlaupa má af stað. Í gamla daga gat maður aldrei vitað hvenær þetta fór af stað. Svo eru Eyjamenn svo vanafastir í þessum efnun og því finnst fólki svo mikilvægt að vera á sínum stað ár hvert. Gatan Veltusund er heilagur staður fyrir mjög marga og ég veit um menn sem hafa hætt við að mæta á Þjóðhátíð því þeir fengu ekki stæðið sitt á Veltugötunni.

**Hvert er uppáhaldseyjalagið þitt og hvers vegna?**

Ég veit þú kemur er almesta klassik sem til er.

**Er eitthvert atvik frá Þjóðhátíð eftirminnilegast?**

EKKI þannig lagað séð. Ég man bara þegar ég var peyi að þá var það því lík hátíðarstund að fá að fara í matrósafötin sín fyrir Þjóðhátíð. Nú hefur þetta aðeins breyst.

**Hvað elskar þú mest við Þjóðhátíð?**

Stemninguna og fjölskyldusamveruna. Það er ótrúlega gaman hvað allir taka þátt í þessu saman. Svo er líka gaman að kíkja í hvítu tjöldin hjá öðrum. En þetta er líka vinna og maður er tarnaður eftir þessa daga. En þetta er auðvitað bara skemmtilegt í alla staði.

**Hvaða skilaboð ert þú með fyrir Þjóðhátíðargesti?**

Ég ætla að lofa góðu veðri og bið ég alla að haga sér vel og hafa gaman af þessu. Fólk á bara að njóta þess að vera á þessari fögru eyju.

### HÖRÐUR ÓSKARSSON

Aldur: 55 ára.

Starf: Aðalbókarí hjá Ísfélagi Vestmannaeyja.

Uppáhaldshljómsveit: Sálín.

Uppáhaldslag í öllum heiminum: Söknuður með Villa Vill.

Lífið er... yndislegt.

## ÍBV er flottasta félagið

**Ertu með hvítt tjald?**

Já við Toggafjölskyldan erum 25-30 saman með tvöfalt tjald, ég gæti ekki án þess verið.

**Hvað býðurðu fólki upp á í tjaldinu þínu?**

Það er alltaf nóg af veitingum í tjaldinu okkar, til dæmis rjómatertur, flatkökur með hangikjöti, samlokur, pítsusnúðar, möffins, skúffukökur og fleira.

**Reimar þú á þig hlaupaskóna þegar þið heimamenn farið að keppast um stað fyrir hvíta tjaldið?**

Starfsmenn Þjóðhátíðar eru í forgang að merkja stæði þremur mínútum fyrir en aðrir og þar sem ég hef starfað fyrir ÍBV og Þjóðhátíð er ég ein af þeim sem fá að fara fyrir af stað og þarf því ekki að reima á mig hlaupaskóna. En þetta er alltaf rosalega stressandi stund og gott þegar það er búið að fá stæði fyrir tjaldið.

**Hvert er uppáhaldseyjalagið þitt og hvers vegna?**

Það er mikið til af fallegum Eyjalögum og erfitt að velja úr. Ef ég ætti að velja eitt myndi ég segja: „Ég veit þú kemur“ eftir snillingana Oddgeir Kristjánsson og Ása í Bæ. Sagan á bak við lagið er svo skemmtileg en allir héldu fyrst að textinn væri ástarljóð en hann fjallar í raun um fyrirgefningu. Ef ég ætti að setja eitthvað í annað sæti er „Lífið er yndislegt“ geggjáð þegar það er flutt á sunnudagskvöldinu eftir blysin.

**Hvernig líst þér á að Ingó stjórni Brekkusöngnum í ár?**

Mér líst mjög vel á Ingó, hann er góður að ná upp stemningu og hefur staðið sig mjög vel á Þjóðhátíð. Mér finnst skipta mestu máli að gömlu góðu eyjalögin séu sungin í Brekkusöngnum.

**Er eitthvert atvik frá Þjóðhátíð eftirminnilegast?**

Ég gæti talið upp mörg atvik en það fyrsta sem kemur upp í hugann er frumflutningur Þjóðhátíðarlagins 2012. Það var frábært að sitja í brekkunni þegar Fjallabræður, Lúðrasveit Vestmannaeyja og fleira listafólk fylltu þetta flotta svið og frumfluttu „Þar sem hjartað slær“.

**Hvað elskar þú mest við Þjóðhátíð?**

Ég elska að við Vestmannaeyingar skulum hafa getað haldið svona frábæra fjölskylduhátíð í heil 139 ár. Ég elska að við skulum halda þessum hefðum: brennu, flugeldasýningu, brekkusöng og blysum. Ég elska frábæru stemninguna sem myndast í hvítu tjöldunum. Ég elska að vera í brekkunni með fjölskyldunni en í ár er yngsti meðlimurinn 3 mánaða og elsta 82 ára, þannig þetta er sannkölluð fjölskylduhátíð. Og ég elska ÍBV sem er flottasta félag á Íslandi fyrir að láta þetta verða að veruleika á hverju ári.

**Hvaða skilaboð ert þú með fyrir Þjóðhátíðargesti?**

Við bjóðum alla gesti velkomna í Herjólfsdal, 99% gesta eru hingað komnir til að skemmta sér með okkur Eyjamönnum. Njótið vel og verið góð hvert við annað svo við verðum öll sátt að leiðarlökum. Góða skemmtun.



### GUÐNÝ HREFNA EINARSDÓTTIR

Aldur: 58 ára.

Starf: Þjónustufulltrúi hjá Félagi iðn- og tæknigreina.

Uppáhaldshljómsveit: Rolling Stones.

Uppáhaldslag í öllum heiminum: You Better Move On.

Lífið er... yndislegt á Þjóðhátíð í Eyjum.

Númer hvað er þessi Þjóðhátíð hjá þér? Þetta er Þjóðhátíð númer 57 hjá mér.



**mix**  
**LURKUR**  
*með djúfu*

**emmessis**



*Skaalandi í sólinni*

**emmessis**



## Vinátta 2002

G D Em  
Ég legg upp í ferðalag,  
D C  
á nýjan og framandi stað  
D G  
vonandi verður þú þar.

G D Em  
Það er dularfull ágústnótt  
D C  
ég horfi á allt þetta fólk  
D G  
ólýsanleg vinátta.

Em C  
Ég loka augunum,  
Em C  
þú færir þig nær  
Em C D  
og ég finn hvernig hjartað slær.

G D C G D C  
Á þjóðhátíð, þar hitti ég þig  
G D C  
og held þér fast í örmum mér  
Am D  
Á þjóðhátíð

G D Em  
Það leynir sér ei hvar ég er,  
D C  
ég sit hér við hlöðin'á þér  
D G  
og er ekki með sjálfum mér.

G D Em  
Það er dularfull ágústnótt  
D C  
ég horfi á allt þetta fólk  
D G  
ólýsanleg vinátta.

Em C  
Ég loka augunum,  
Em C  
þú færir þig nær  
Em C D  
og ég finn hvernig hjartað slær.

G D C G D C  
Á þjóðhátíð, þar hitti ég þig  
G D C  
og held þér fast í örmum mér  
Am D  
Á þjóðhátíð (x4)

Lag og Texti: Hreimur Örn  
Heimisson og Lundakvartettinn

## Öll þessi helstu

Vertu með helstu Eyjalögin á hreinu.

Það er vandræðalegt að syngja ekki með.

## La Dolce Vita 2011

Em D Em D C G Em D Dsus4 D  
Nú er ég búinn að gera mig sætan, sjóðheitur ég verð að mæt' og upplifa La Dolce Vita  
Em D Em D C G Dsus4 D  
Nú er ég búinn að reima skóna, til að dans' í nótt við töfratóna í La Dolce Vita

C Em G D  
Aha ég segi það satt hef unnið of mikið svo ég á það skilið  
C G B  
að gleyma mér aðeins og bilast í friði með bjúttífúli líði  
C Em G D  
En röðin er löng og dalurinn hlæðinn ég mæti á staðinn  
C G Bsus4 B  
því þegar ég dansa er eins og ég svífi ég er á lífi

Em D Em D C G Em D Dsus4 D  
Nú er ég búinn að gera mig sætan, sjóðheitur ég verð að mæt' og upplifa La Dolce Vita  
Em D Em D C G Dsus4 D  
Nú er ég búinn að reima skóna, til að dans' í nótt við töfratóna í La Dolce Vita

C Em G D  
Svo hvað viltu sjá? Og hvað viltu heyra? Má bjóða þér meira?  
C G Bsus4 B  
Að standa og þegja er ömurleg iðja þú þarft að biðja  
C Em G D  
Ég veit hvað ég vil og næ líka í það ég nenni ekki að biðja  
C G Bsus4 B  
í dag vil ég dansa og nú kemur bassinn hrist' á þér rassinn

Nú er ég búinn að gera mig sætan...

Em D Em D C G Em D  
Trúa, treysta, bar' á það besta.  
Em D Em D C G Bsus4 B  
Trúa, treysta, bar' á það besta.

Nú er ég búinn að gera mig sætan... x3

Lag: Trausti Haraldsson  
Texti: Páll Óskar Hjálmtýsson

Ég veit þú kemur  
2002

D Gm6 D D7  
Ég veit þú kemur í kvöld til mín,  
G D  
þó kveðjan væri stutt í gær,  
Em F# Bm Bm/A  
ég trúí ekki á orðin þín  
E7 Em7 A7  
ef annað segja stjörnur tvær.

D Gm6 D D7  
Og þá mun allt verða eins og var,  
G D  
sko, áður en þú veist, þú veist,  
Em F# Bm Bm/A  
og þetta eina sem út af þar  
Em A7 D  
okkar á milli í friði leyst.

Em F#m  
Og seinna þegar tunglið  
Em F#7  
hefur tölt um langan vegg,  
Bm Bm/A  
þá tölum við um drauminn  
E E7 A7  
sem við elskum þú og ég.

D Gm6 D D7  
Ég veit þú kemur í kvöld til mín,  
G D  
þó kveðjan væri stutt í gær,  
Em F# Bm Bm/A  
ég trúí ekki á orðin þín  
Em A7 D Bm  
ef annað segja stjörnur tvær  
Em A7 D6  
ef annað segja stjörnur tvær

Lag: Oddgeir Kristjánsson  
Texti: Ási í Bæ  
Flytjandi: Eivör Pálsdóttir

Í Vestmannaeyjum  
2000

A D A  
Ég horfi út í himinbláa nóttina  
D E  
í Herjólfssdal og reyni að finna þig  
A D A  
Brekkan mín og Heimaklettur heilsa mér  
D E A  
Hátíðin er hafin enn á ný.

E Bm  
Í tjaldi þar sem enginn sér,  
C#m D F#m E  
er gott að eiga nótt með þér  
og á morgun mun ég

A E  
vakna upp í Vestmannaeyjum  
A

Við vegamót hins andlega seims  
E

Í fullum dal af finum þeyjum  
Bm E A D E  
og fallegustu konum heims

A D A  
Fjósaklettur logar, bálíð brennur  
D E  
Í brekkunni ég syng á nýrri öld

A D A  
Ástin kveikir eld í ungum hjörtum  
D E A  
Ævintýrabráin tekur völd

E Bm  
Í tjaldi þar sem enginn sér,  
C#m D F#m E  
er gott að eiga nótt með þér  
og á morgun mun ég

(Viðlag)

að skemmta sér á  
A E  
þjóðhátíð í Vestmannaeyjum  
A  
Ég hef aldrei vitað annað eins  
E  
Í fullum dal af finum þeyjum  
Bm E A D E  
og fallegustu konum heims

A D A  
Sunnudagskvöld og síðasti dansinn stiginn  
D E  
Söngur og gleði óma dalnum í

A D A  
Eyjan mín ég yfirgef þig brátt  
D E A  
Að ári mun ég hitta þig á ný

E Bm  
Í mánuði og vikur margar bið  
C#m D F#m E  
En mig mun aldrei vanta á þjóðhátíð

að ári mun ég

(Viðlag)

að skemmta sér á  
A E  
þjóðhátíð í Vestmannaeyjum  
A

Ég hef aldrei vitað annað eins  
E  
Í fullum dal af flottum þeyjum  
Bm E A E  
og fallegustu konum heims

að ári mun ég

(Viðlag)

A D E A D E A

Lag og Texti: Heimir Eyvindarson



**Þú veist hvað ég meina mær 1997**

C F  
Þú veist hvað ég meina mær  
Am D  
munarblossar ginna  
Dm F  
Komdu þar sem freisting fær  
Dm G C F C F  
fylling vona sinna

C G  
Hljótt í vestri kveður kvöld  
Dm Am  
kvikna eldar nætur  
C G  
Táp og kæti taka völd  
Dm Am  
titra hjartarætur

F C  
Dalsins lífi greiðum gjöld  
F C  
gleðin sanna lokkar  
Dm Am  
bráin vaknar þúsundföld  
Dm G  
þessi nótt er okkar

C F  
Þú veist hvað ég meina mær  
Am D  
munarblossar ginna

Dm Am  
Komdu þar sem freisting fær  
Dm G F  
fylling vona sinna  
C F  
Þú veist hvað ég meina mær  
Am D  
munarblossar ginna  
Dm F  
Komdu þar sem freisting fær  
Dm G C F C F  
fylling vona sinna

C G  
Meðan nóttin framhjá fer  
Dm Am  
Fljóðið ástarblíða  
C G  
Inn í tjaldi trúðu mér  
Dm Am  
tækifærin biða

F C  
Vinnu ástarheitið hér  
F C  
hjörtun látum mætast  
Dm Am  
Enginn veit og enginn sér  
Dm G  
okkar drauma rætast

C F  
Þú veist hvað ég meina mær  
Am D  
munarblossar ginna  
Dm Am  
Komdu þar sem freisting fær  
Dm G F  
fylling vona sinna  
C F

Þú veist hvað ég meina mær  
Am D  
munarblossar ginna  
Dm F  
Komdu þar sem freisting fær  
Dm G C F C F  
fylling vona sinna

C G F C G Dm Am F

F C  
Dalsins lífi greiðum gjöld  
F C  
gleðin sanna lokkar  
Dm Am  
bráin vaknar þúsundföld  
Dm G G  
þessi nótt er okkar...

D G  
Þú veist hvað ég meina mær...

Lag: Sigurjón Ingólfsson  
Texti: Guðjón Weihe  
Flytjandi: Skítamórall

**lður 2013**

Em G/D C  
Þú varst með sólgult sjal, sveipað um þig í herjólssdal.  
Em G/D C  
Og græna kápan þín er heillandi við fyrstu sýn.  
Em G/D C  
Og steingráa pilsíð þitt minnir á fjörunar sand.  
Em G/D C  
Sem blotnar er bylgjurnar liðast á land.  
G Am Bm C  
Hér er lífið hér ert þú, hér er framtíð okkar sú að njóta náttúrunnar nú.

Em Bm C Am  
Eyjan er að öskra á mig, jörðin opnast ég er hættur að sjá þig.  
Em Bm C  
Það er eldgos á Heimaey.  
Em Bm C Am  
Kraftarnir sem lágu í leyni spúa eldi og brennisteini.  
Em Bm C  
Landið það mun lifa eftir að ég dey.

Em G/D C  
Breiði út teppi hér, í hjónasæng, býð ég þér.  
Em G/D C  
Og ég vil leggjast í þittfang.  
Em G/D C  
Glitrandi stúlkurnar stjórnur sem svifa á braut.  
Em G/D C  
Um himna sem gnæfa yfir tjöldum við norður skaut.  
G Am Bm C  
Hér er lífið hér ert þú, hér er framtíð okkar sú að njóta náttúrunnar nú.

Em Bm C Am  
Eyjan er að öskra á mig, jörðin opnast ég er hættur að sjá þig.  
Em Bm C  
Það er eldgos á Heimaey.  
Em Bm C Am  
Kraftarnir sem lágu í leyni spúa eldi og brennisteini.  
Em Bm C  
Landið það mun lifa eftir að ég dey.

Höfundur lags: Björn Jörundur Friðbjörnsson



**Frábær símtækjatilboð fram yfir verslunarmannahelgina!**

Lækkað verð á Nokia Lumia 520, Samsung Galaxy S II Plus og HTC One. Komdu í næstu verslun Vodafone og kynntu þér málið.

**Góð samskipti bæta lífið**



**Nokia Lumia 520**  
Tilboðsverð 24.990 kr.  
Almennt verð 29.990 kr.



**Samsung Galaxy S II Plus**  
Tilboðsverð 59.990 kr.  
Almennt verð 64.990 kr.



**HTC One**  
Tilboðsverð 119.990 kr.  
Almennt verð 129.990 kr.





SIGURVEGARARNIR BÚNINGAKEPPNINNA  
HEFJA VERÐLAUNIN TIL HIMINS



# STEMNINGIN MYNDA

Þeir sem eru á leið í Herjólfsdalinn í fyrsta sinn gætu haft gott af því að rýna í þessar myndir frá hátíðinni í fyrra til vita sirka hvernig stemningu búast má við.

**Scandiphone**  
Retro borðsími.  
9.990 kr.

**MyAmp**  
iPod hátalari/magnari.  
4.990 kr.

**Karlisson**  
Vínplötuklúkkur.  
6.990 kr.

**Emergency Bowtie**  
Þverslaufi.  
1.490 kr.

**Retro Cover**  
iPhone hülstur og standur.  
2.900 kr.

**Pickmaster**  
Gerðu þínar eigin gítarnegjur.  
4.500 kr.

**HETTUPEYSUR OG GJAFAVARA Í ÚRVALI**

**American Apparel**  
Hettupeysur.  
8.900 kr.

**DOGMA**  
SMÁRALIND · LAUGAVEGUR 32 · WWW.DOGMA.IS



ÖRYGGISSKYTTURNAR  
PRJÁR



ÞAÐ VAR RÍFANDI STEMNING  
Í HERJÓLFSDALNUM



POLLAGALLINN ER VINSÆL  
EYJAMÚNDERING



GLIMMER Í  
ÓHÓFLEGU  
MAGNI EINS  
OG GERIST





FJALLABRÆÐUR  
...OG -SYSTIR?



HAFIÐ ÞIÐ HEYRT UM  
RÓNANN KEATING?



ÞESSI GULA SKEIN Á  
ÞESSI HVÍTU

# AST



KING HEMMI DRESSAÐI  
SIG UPP SEM VILLI PRINS



LITLIR MEXIKANAR MED  
SOM-SOMBRERO



ÞARNA HEFUR BÓ VERIÐ  
BÚINN AÐ SEGJA GÓ



LÖGREGLAN STÓÐ VÖRD  
UM BLEIKU BOLINA



EYÞÓR INGI TRÓÐ UPP  
AÐUR EN HANN ÁTTI LÍF



ER HELGI BJÖRNS AÐ BENDA Á RIGNINGUNA?  
HONUM FINNST HÚN NEFNILEGA GÓÐ



HERJÓLFSDALUR ER  
RÓMANTÍSKUR DALUR



MIKID SPRENGT  
AÐ VANDA



# Þjóðhátíðarkortið

Leggðu þetta kort á minnið, það er bannað að týnast á Þjóðhátíð!



## Vissir þú að...

...Heimaey er eina byggða eyjan í Vestmannaeyjaklasanum og er **12. stærsta bæjarfélag landsins**.

...það tæki venjulega manneskju **84 mínútur** að ganga frá Ketilskerri að Faxa.

...Vestmannaeyjar heita eftir írskum og skoskum þrælum (vestmönnum) sem **Ingólfur Arnarson** elti til eyjanna og drap, eftir að þeir höfðu orðið **Hjörleif** fóstbróður hans að bana.

...**Herjólfsdalur** heitir í höfuðið á **Herjólf Bårdarsyni**, fyrsta landnámsmanninum í Vestmannaeyjum, en bær hans stóð í dalnum.

...þann **23. janúar 1973** hófst eldgos í Heimaey og eyðilagði og/eða skemmdi um 60% af öllum húsum í bænum. Íbúarnir (þá 5.273 talsins) voru nær allir fluttir upp á land og sneru flestir aftur heim að gosi loknu.

## ÞARFT AÐ VITA

- 1 Herjólfur**  
Hér stíga þeir sjóhraustu fyrstu skrefin inn í gleðina.
- 2 Vestmannaeyjaflugvöllur**  
Hér hefst ævintýrið hjá þeim sem velja skjótari leiðina.
- 3 Herjólfsdalur**  
Undir stjörnusalnum, inni Herjólfsdalnum!
- 4 Tjaldstæði ÍBV**  
Fyrir þá sem ekki eru tilbúnir í að gista í dalnum.
- 5 Sundhöllin**  
Staðurinn til að sýna sig og sjá aðra og gera sig finan fyrir kvöldið.
- 6 Vínbúðin**  
Hér nærðu í „safann“.
- 7 Vöruval, matvöruverslun**  
Hér kaupir þú gott á grillið.
- 8 900 Grillhús, veitingahús**  
Ef menn vilja gera vel við sig!
- 9 Eyjavík, verslun**  
Ef rignir reddarðu stígvélunum hér!
- 10 Golfvöllur Vestmannaeyja**  
Sumir verða að halda sveiflunni við.
- 11 Lögreglustöðin**  
Ef þú lendir í veseni.



For more information call +384 (511) 5500

**DIESEL®**  
FOR SUCCESSFUL LIVING



diesel.com



# DAGSKRÁ

## Þjóðhátíðar 2013

Brúðubíllinn, brennan og brekkusöngurinn. Að vanda er nóg um að vera á Þjóðhátíð  
í Eyjum svo það er um að gera að kynna sér dagskrána vel til að missa ekki af fjörinu.

### föstudagur 2

ágúst

#### 14.30 SETNING ÞJÓÐHÁTÍÐAR

Þjóðhátíðin sett: Formaður  
Hátíðarræða  
Hugvekja: Séra Gumundur Örn  
Kór Landakirkju  
Lúðrasveit Vestmannaeyja  
Bjargsig Bjartur Týr

#### 15.00 BARNADAGSKRÁ Á TJARNARSVIÐI

Frjálsar ípróttir,  
- Ungmennafélagið Óðinn  
Fimleikafélagið Rán  
Brúðubíllinn  
Barnaskemmtun  
- Leikfélag Vestmannaeyja

#### 20.30 KVÖLDVAKA

Blind Bargain  
Leikfélag Vestmannaeyja  
Frumflutningur þjóðhátíðarlags,  
Björn Jörundur  
Helgi Björnsson  
Stuðmenn - með allt á hreinu

#### 00.00 BRENNA Á FJÓSAKLETTI

#### 00.15 JÓNAS SIG OG RITVÉLARNAR

#### DANSLEIKIR Á BÁÐUM PÖLLUM

Brekkusvið: Á móti sól og Rottweiler-hundarnir  
Tjarnarsvið: Brimnes og Dans á rósum

### laugardagur 3

ágúst

#### 10.00 LÉTT LÖG Í DALNUM

#### 14.30 BARNADAGSKRÁ Á BREKKU- OG TJARNAR-SVIÐI

Brúðubíllinn  
Söngvakeppni barna, Dans á rósum  
Sveppi og Villi

#### 20.30 KVÖLDVAKA

Sindri Guðjónsson  
Blítt og Létt  
Stebbi og Eyfi  
Ásgeir Trausti  
Verðlaun í búningakeppninni  
Retro Stefson

#### 00.00 FLUGELDASÝNING

#### 00.15 GUS GUS

#### DANSLEIKIR Á BÁÐUM PÖLLUM

Brekkusvið: Ingó og Veðurguðirnir - Sálin  
Tjarnarsvið: Brimnes og Dans á rósum

### sunnudagur 4

ágúst

#### 10.00 LÉTT LÖG Í DALNUM

#### 14.30 BARNADAGSKRÁ Á BREKKU- OG TJARNAR-SVIÐI

Drullusokkar koma í Dalinn  
Latibær  
Söngvakeppni barna, Dans á rósum  
Páll Óskar

#### 20.30 KVÖLDVAKA

Dans á rósum  
Sigurvegarar úr söngvakeppni barna  
Bjartmar  
Eyþór Ingi  
Bubbi  
Páll Óskar

#### 23.15 BREKKUSÖNGUR

#### 00.00 BLYS

#### 00.15 SKÁLMÖLD

#### DANSLEIKIR Á BÁÐUM PÖLLUM

Brekkusvið: Buff - Páll Óskar  
Tjarnarsvið: Dans á rósum, Brimnes







Njóttu  
**Coke** með...

Opnaðu hamingju  #njottu**Coke**.

Coca-Cola, the Contour Bottle and the Dynamic Ribbon are registered trademarks of The Coca-Cola Company



# Bræðurnir Larry Bird og MJ

Reykjavík, 2000, Fannar Ingi segir frá

Þegar við spiluðum körfu í gamla daga var ég Larry Bird en litli bróðir minn vildi alltaf vera Michael Jackson. Auðvitað vissi ég að hann meinti Michael Jordan en ég vildi bara ekki eyðileggja stemninguna með því að leiðrétta hann.



Sjáðu  
Fannar  
segja frá

## Segðu sögu með

## Galaxy S4 eða iPhone 5

### Veldu Snjallpakka sem passar þér!

Snjallpakinn er frábær áskriftarleið þar sem þú færð SMS, gagnamagn og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma óháð kerfi. Engin upphafsgjöld eru af inniföldum mínútum.

### Sumarglaðningur

3 GB og 3000 SMS á mán. fylgja öllum Snjallpökkum til 31. ágúst.

Samsung  
Galaxy S4

7.290kr.

Á mánuði í 18 mánuði\*


119.900 kr. stgr.

Bættu við Snjallpakka

**500**

4.990 kr./mán.

500 mín. | 500 SMS | 500 MB



iPhone 5

7.290kr.

Á mánuði í 18 mánuði\*

119.900 kr. stgr.

Bættu við Snjallpakka

**300**

3.490 kr./mán.

300 mín. | 300 SMS | 300 MB



Nánar á [siminn.is](http://siminn.is)



Vertu í sterkara sambandi á stærsta farsímaneti landsins

Siminn

\*Greiðslugjöld 340 kr. bættist við mánaðargjöld.